



**Svona  
áttu að  
fylla út  
framtalið**

**Mesta  
afrekið  
að verða  
edru**



28. FEBRÚAR 2020 / 9. TBL. 111. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

# DRV

*Víð bjóðum  
góða nótt*



# ÞEGAR BÖRN FREMJA GLÆPI



**Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara**



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

**Webasto**  
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



## Fleyg orð

„Þrautseigja er að leyfa sér að mistakast níttján sinnum og gefast samt ekki upp. Þér gæti gengið betur í tuttugasta skiptið.“

– Julie Andrews

## Á þessum degi, 28. febrúar



1749 – Skáldsagan Tom Jones eftir breska rithöfundinn Henry Fielding var gefin út.



1991 – George H. W. Bush lýsti yfir sigri í Persaflóastríðinu.



1986 – Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, var myrtur.




1996 – Kanadíska söngkonan Alanis Morissette var yngst til að hljóta Grammy-verðlaunin fyrir plötu ársins.



2015 – Eldgosinu í Holuhrauni lauk.

# „Auðvitað er þetta ákveðið högg“



## Kostnaður eykst stórlega hjá foreldrum barna sem styðjast við stoðtæki ■ Réttindin fótum troðin

Ferlið er þannig að ég fer með börnin til bæklunarlæknis sem skrifar að þau þurfi sérútbúna inniskó með innleggjum vegna fótleggja þeirra. Ég og fleiri foreldrar hafa fengið styrk vegna kaupa á þessu. Nú hins vegar var gerð breyting á reglugerðinni um styrki vegna hjálpartækja, sem tóku gildi 1. janúar á þessu ári.

Svo mælir móðir á fertugsaldri, sem kaus að halda nafnleynd, en tvö af hennar börnum þurfa hjálpartæki og öll þurfa innlegg fyrir skóna sína. Í kjölfar þessara breytinga á reglugerðum fær hún synjun á allar umsóknir sínar þar sem ekki er heimilt að greiða styrki til kaupa á tilbúnum framleistaspelkum vegna sjúkdómsgreiningar sem fram kemur í læknisvottorði. Móðirin segir breytingarnar ekki boðlegar í ljósi þess að barnafjölskyldur þurfi að greiða meira fyrir þessi hjálpartæki.

„Þetta þýðir að ég þarf að greiða í kringum hundrað þúsund krónur fyrir þessi hjálpartæki, en ef ég fengi styrk þá væri upphæðin í kringum þrjátíu þúsund krónur. Þess má geta að fætur barna stækka ört og þarf stundum að kaupa tvö pör af inniskóm tvisvar á ári og eins

með innleggjum og eru því þetta orðnar verulegar upphæðir.“

Móðirin segir það ekki ásættanlegt að börnin þurfi að bíða svona eftir þeim tækjum sem þau þurfa til að þeim líði vel.

### Stoðtækjafraeðingar ósammála

DV hafði samband við tvo stoðtækjafraeðinga en sökum hagsmunaárekskurs vildu þeir ekki birta nöfn sín. „Það er auðveldara að laga skekkjur hjá börnum og hefur afraksturinn verið mjög góður í gegnum árin,“ segir einn þeirra. „Foreldrarinn tala um að börnin sofi þetta og það sé mikil breyting. Allt hefur verið vænlegra til árangurs þegar börnin nota fæturna og liðböndin. En núna 1. janúar gekk í gegn þessi reglugerðarbreyting sem hefur óneitanlega reynst foreldrum mikið högg. Þetta kostar allt sitt og með skólum og slíku eru foreldrar ekki alltaf með getu til að leggja út fyrir þessu tvisvar á ári, sem stundum þarf til að sjá jákvæðan árangur hjá börnum.“

Þá segir annar stoðtækjafraeðingur að reglugerðin vísi í rannsókn sem sýni fram á lítinn árangur með þessum tækjum, en þessu



eru læknarnir afar ósammála.

„Ég veit ekki á hverju þessi rannsókn byggist en við í stoðtækjafraeðinni erum í rauninni allir sammála um að árangurinn hafi verið góður,“ segir einn og bætir við: „Þetta tengist einfaldlega allt sparnaði. Auðvitað er þetta ákveðið högg fyrir fyrirtækin, en þetta er auðvitað hræðilegt fyrir foreldra sem fá þarna einhvern bunka af synjunum og skilja ekkert hvað er í gangi. Margir hverjir hafa séð svo miklar breytingar á börnunum sínum og allt í einu í miðri meðferð er skorið á þetta. Það er það sem er mest truflandi við þetta.“ ■

# 5 Íslendingar með erlenda tvífara

Tvífara leynast víða og stundum þarf að spyrja sig hvort augun séu að blekkja mann eða ekki. Þetta eru fimm dæmi um Íslendingar sem eiga sér mögulega leyntilíf á erlendri grundu.

### Atli Óskar Fjalarsson – Noah Schnapp

Leikarinn Atli Óskar Fjalarsson á sér góðan tvífara í Noah Schnapp úr Stranger Things. Þá vitum við hvað Atli hefur verið að bralla í raun við dvöl sína í Bandaríkjunum.



### Jón Gunnar Þórðarson – Jack Raynor

Höfundurinn Jón Gunnar Þórðarson á ýmislegt sameiginlegt í andlitsslagi með stjörnu sem hefur verið á uppleið að undanförunu. Leikarinn Jack Raynor, sem margir hverjir þekkja úr Transformers og Midsommar, er af bandarískum og írskum uppruna. Svipurinn er sterkur, óneitanlega.

### Birgitta Haukdal – Natalie Wood

Tvær hæfileikaríkar og fallegar og deila ýmsu í ásýnd sinni. Birgitta er sjálf fædd skömmu áður en Wood lét lífið, svo kannski hafa einhverjir töfrar síast í þá áttina. Sjarmann vantar í það minnsta ekki hjá báðum dömunum.



### Sindri Eldon – Matt Berry

Tónlistarmaðurinn Sindri Eldon, oft þekktur sem sonur Bjarkar, er kostulegur karakter, sem má sömuleiðis segja um breska grínarann Matt Berry. Hinn síðarnefndi sló reglulega í gegn í þáttunum The IT Crowd og í réttu birtu er auðvelt að rugla þeim tveimur saman.

### Sonja Valdin – Lily Collins

Sonja og Lily eiga það sameiginlegt að hafa slegið í gegn hjá börnum og unglingum. Augnasvipurinn er einnig keimlíkur og persónutöfrar í stíl.





[www.krokur.net](http://www.krokur.net)

**522 4600**

# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



**KRÓKUR**

*á þinni leið*

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

## Hver er hún



- Hún er fædd í október árið 1942.
- Hún starfaði sem flugfreyja hjá Loftleiðum í níu ár.
- Hún var starfsaldursforseti Alþingis árin 2006–2013.
- Árið 2013 lét hún af þingmennsku eftir 35 ára samfellda þingsetu.
- Á þingferlinum beitti hún sér einkum í þágu láglaunafólks, öryrkja og aldraðra.

MYN: JÓHANNA SIGURDARDÓTTIR

## Það er staðreynd að...



Þjóðsöngur Grikklands hefur 158 erindi.



Það þarf aðeins tvo vöðva í andlitinu til að mynda bros.



Bandaríkjamenn borða daglega pítsur sem þakið gætu 7,30 hektara.



Letidýr geta haldið niðri í sér andanum í allt að 40 mínútur.



Skammstöfun DNA stendur fyrir „Deoxyribonucleic acid“.

# Við bjóðum góða nótt

■ Einn ástælasti söngvari þjóðarinnar fallinn frá ■ Enginn töffari bara singer ■ Kærði sig kollóttan um frægðina

Erla Dóra  
erladora@dv.is

Ragnar Bjarnason – betur þekktur sem Raggi Bjarna – var einn ástælasti söngvari íslensku þjóðarinnar. Hann lést á þriðjudag á líknardeild eftir skammvinn veikindi, 85 ára að aldri. Þrátt fyrir aldurinn var það aðeins fyrir örfáum mánuðum sem Raggi kvaddi stóra sviðið með stórtónleikum í Hörpu, enda var það draumur hans að geta sungið á meðan heilsan leyfði og meðan einhver hefði áhuga á að hlusta. Síðustu daga hafa margir kvatt þennan merka mann og rifjað upp ljúfar minningar. Raggi var þekktur fyrir glaðvæð, jákvæðni og óbilandi ást á söng og tónlist. Hann lætur eftir sig eiginkonu, Helle Birthe Bjarnason, þrjú börn og ellefu barnabörn.

### Vorkvöld í Reykjavík

„Við vorum hópur af krökkum að leika okkur úti um kvöld. Sól og sumar. Kvöldsólin sindraði á gluggum blokkanna í Gnoðarvogi. Einn gluggi var opin og út um hann barst lag og ein lína í textanum var endurtekin: Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík. Röddin var svöl, mjúk og karlmannleg. Þarna heyrði ég í Ragga Bjarna í fyrsta skipti, og árið var 1963,“ skrifaði Bubbi Morthens í minningarorðum sem hann birti á Facebook þar sem hann kveður sinn gamla vin. Reykjavík var stór hluti af lífi Ragga Bjarna. Þar fæddist hann þann 22. september 1934 og ólst í kjölfarið upp í lítilli risíbúð við Lækjargötu. Tónlistin var honum í blóð borin. Foreldrar hans, Bjarni Böðvarsson og Lára Magnúsdóttir, voru bæði haldin lífstíðardóm tónlistarbakteriunnar. Lára er oft nefnd sem ein fyrsta dægurlagasöngkona landsins og faðir hans, Bjarni, gerði garðinn frægan með hljómsveit sinni.

### Byrjaði á trommunum

Ragnar vissi snemma að hann vildi fátt annað gera en að syngja. Áhuginn hafi byrjað að kvikna er hann fylgdist með föður sínum spila á tónleikum. Í viðtali við Fréttablaðið árið 2005 sagði Raggi: „Pabbi, sem var með Hljómsveit Bjarna Böðvarssonar, fór með mig ungan að Minni-Borg í Grímsnesi til að hlusta á Hauk Morthens. Hafði ekki verið búinn að kveikja í mér þá, var ekki aftur snúinn eftir að hafa hlustað á Hauk. Nú var ég ákveðinn hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór og tók stefnuna á söngframa, svona leynt og ljóst. Lærði á trommur hjá Svavari Gests, lauk prófi frá FÍH og trommaði fyrir hina og þessa fyrstu árin, eða allt þar til ég söng fyrir slysn á



Akureyri þegar vantaði vanan trommuleikara sem gat líka sungið.“ Raggi var þá kominn ungur til Akureyrar með félögum sínum þar sem þeir höfðu verið ráðnir til að spila á Hótel KEA. Þá vantaði söngvara og hóteltjórinn hlustaði á þá alla syngja og fannst Raggi vera skásti kosturinn. Og eftir þetta varð ekki aftur snúinn. Ragnar hafði þar tekið sín fyrstu skref til að verða hinn ódauðlegi Raggi Bjarna og átti eftir að deila söng sínum með þjóðinni næstu 70 árin. Raggi og söngurinn voru í eldheitu ástarsambandi og má í raun segja að þeir hafi náð að halda upp á plátinumbrúðkaup.

### Slysaðist í KK sextettinn

Raggi átti eftir að koma víða við á ferlinum. Svavar Gests heyrði í Ragga syngja í kringum 1953 og bauð honum í kjölfarið plötusamning. Á þeim tíma var Raggi trommuleikari í hljómsveit Árna Ísleifssonar og kom þá út fyrsta plata hans. Þá sneri Raggi sér frá trommunum og alfarið að söngnum, eða allt þar til hann þurfti að taka sér pásu þegar faðir hans féll frá síðla árs 1955. Raggi átti þá eiginkonu og tvö ung börn. Pásan varð þó ekki löng og árið 1956 slysaðist Raggi í KK sextettinn. Hann sagði DV árið 2014 frá þeirri ótrúlegu tilviljun sem leiddi hann saman við



sextettinn. Raggi, sem var alla tíð með ólæknandi bíladelli, keyrði á þeim tíma leigubíl. Sextettinn bráðvantaði söngkonur og datt bassaleikara hljómsveitarinnar, Jóni Sigurðssyni, í hug að hringja eftir leigubíl og rúnta um bæinn til að leita að söngkonum. Raggi Bjarna var sendur í það útkall. „Ég mætti og keyrði hann. Þegar við vorum búnir að keyra á nokkra staði segi ég honum að hætta þessu veseni; ég gæti bara gert þetta og væri með textann í skottinu. Ég fór með sextettinum til að spila á vellinum og var fyrsti karlsöngvarinn til að koma fram á vellinum með íslenski hljómsveit.“

### Njóta hvernar mínútu

Árið 1960 kom út líklega frægasta og eftirminnilegasta lag Ragga á ferlinum, Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig, og varð Raggi þá orðinn einn frægasti dægurlagasöngvari þjóðarinnar. Skemmtanalífið var farið að rífa í og Raggi ræddi um hvað hann hefði á þeim tíma skemmt sér meira en góðu hófi gegndi. Hann sagði í samtali við DV: „Það er mikil blessun ef manni tekst að komast í burtu frá áfenginu og sigarettunum. Ég er afskaplega þakklátur að það tókst á endanum því lífið er svo stutt. Það verðum við að vita þótt að við séum kornung. Lífið líður hjá á örskotsstund, þetta ættu allir að hugleiða og njóta hvernar mínútu. Svona líður mér enn á áttaræðisaldri, ég vil nota hverja stund. Ég hef ekki mikinn tíma. Enginn hefur mikinn tíma.“



Padel er  
skemmtileg  
samblanda af  
tennis og  
skvassi

# PADEL

## Ný íþrótt á Íslandi

Fjórir spila saman. Frábær  
skemmtun fyrir pör og vinahópa.  
Námskeið og þjálfun í boði.



# TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- ☺ Nú er rétti tíminn til að pantast fastan tíma í tennis.
- ☺ Eigum nokkra tíma lausa.
- ☺ Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

**Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á [tennishollin.is](http://tennishollin.is)**

Fann ástina í Kaupmannahöfn

Árið 1963 fannst Ragga kominn tími á tilbreytingu. Ári fyrr hafði slitnað upp úr hjónabandi hans og hann var kominn með leiða á lífinu í Reykjavík. Hann flutti þá til Kaupmannahafnar sem reyndist honum mikið gæfuspor því þar kynntist hann stóru ástinni sinni, Helle Jensen, sem varð hans stoð og stytta lífið á enda. Hann var þá við það að skrifa undir tveggja ára samning sem átti að færa hann á ferðalag víða um Evrópu. En hann tók Helle fram yfir samninginn. „Umboðsmaðurinn varð svo reiður við mig að hann barði skrifborðið sitt í sundur,“ sagði Raggi við DV árið 2014. Svavar Gests hafði svo samband við Ragga og vildi ljúka ferli sínum með Ragga og Elly Vilhjálm, en Elly og Raggi voru miklir vinir og vöktu mikla gleði þegar þau sungu saman. Þá sneri Raggi aftur til Íslands og tók að sjálfsögðu Helle með sér. „Helle er gæfan í mínu lífi. Hún hefur þessa þolinmæði og hugmyndafræði til að styðja við mig. Ég er þakklátur henni, samband okkar er kraftaverk.“

Síðar tók Raggi við hljómsveit Svavars Gests, sem varð þá að sjálfsögðu hljómsveit Ragnars Bjarnasonar, og spilaði með henni á Hótel Sögu í 19 ár. Samhliða spilamennskunni keyrði Raggi leigubíl.

Árið 1972 stofnaði Raggi hina frægu Sumargleði með Ómari Ragnarssyni sem ferðaðist um landið á sumrin í 16 ár. Auk Ragga og Ómars voru í Sumargleðinni Bessi Bjarnason, Karl Guðmundsson, Magnús Ólafsson, Þuríður Sigurðardóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Halli og Laddi, Hermann Gunnarsson og Þorgeir Ástvaldsson. Um Sumargleðina sagði Raggi í viðtali við DV árið 2014: „Við bulluðum og grínuðum út í eitt og þessi tími var sá allra gleðilegasti í mínu lífi. Það var mjög gefandi að ferðast um landið og kynna Íslendingum.“

Bílaleiga og sjoppa í Breiðholti

Bíladellan lék stórt hlutverk í lífi Ragga. Hann keyrði lengi leigubíl, hann starfaði sem bílasali hjá Sveini Egilssyni og starfrækti um átta ár bílaleiguna R.B. bílar. Síðan rak hann ásamt Helle sjoppu í Breiðholti.

„Bílaleigan endaði með einhverjum ósköpum. En ég hef húmor fyrir því. Ég átti að vera með átta bíla en endaði með 30. Konan mín elti mig alla daga þegar ég var að sækja bíla. Hún hefur tvisvar lent í árekstri og í bæði skiptin keyrði hún aftan á mig. Hún var alltaf á eftir mér úti um allar trissur,“ sagði Raggi við DV 2014.

Raggi fylgdist vel með nýjungum í tónlist og hafði miklar mætur á ungu tónlistarfólki á Íslandi. Fyrir fimm árum söng hann með strákunum í XXX Rottweiler lagið Allir eru að fá sér og óskilag þjóðarinnar, Þannig týnist tíminn, með Lay Low. Tveimur árum síðar söng hann með Söлку Sól lagið I've seen it all úr kvikmyndinni Dancer in the Dark.



Söngvarinn Raggi Bjarna er samofinn þeirri tilfinningu að vera íslenskur. Þegar notaleg röð hans ténar við fallega texta á yfirlýr móturmálinu rifjast upp fyrir mörgum angurverar minningar um önnu í kleimbakstri og mömmu unga og dansandi kíta. Þannig hefur Raggi fylgt kynslóðum Íslendinga frá hlautu barnsins til gamals aldurs. Verið samofinn órjúfningum bóðum boði upplifunum og minningum fólksins. Þeirris Lífa Gunnarsdóttir átti stund með Ragga í tlefni þess að sit er komin platan Með hangandi hendi, sem vist á eftir að ylja, gæfja og beta sál og líkama.

Er bara fæddur svona!

Í tæni hefur mér aldrei þótt óþessandi að vera Íslendingur. Það er bara gætt að lífa þegar minnir verur til fólksins og óvænðis þeirra til fólksins. Þegar söngvarinn átti að fara til Kaupmannahafnar, sögu átti er þáttur varð með frægustu Íslendingum í heila öld. En Raggi sáð áskunnarlega sem ein tæni hefur hefur átt til að gefa löndum meir þessu tilfrun og endirum meir.



ÁSTIN BREYTTI LÍFINU

Raggi var mikils metinn meðal Íslendinga og hlaut margar viðurkenningar fyrir störf sín í gegnum árið. Hann fékk meðal annars viðurkenningu Stjörnumessu DV og Vikunnar árið 1980 sem söngvari ársins í 30 ár, fékk heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 1994, gullmerki FÍH 2003, fálkaorðuna 2004, var borgarlistamaður Reykjavíkur 2007, og fékk heiðurslaun listamanna árið 2019. Tónlistin var þó ekki það sem Raggi var stoltastur af. Í samtali við DV 2014 sagði hann: „Ég er stoltastur af börnunum mínum og barnabörnum, vinum mínum og fjölskyldu. Og Íslendingum. Ég er stoltur af því að vera hluti af þessari þjóð. Íslendingar eru framtakssamir og þeir eru duglegir, alveg óhræddir við að opna sig.“

Á meðan einhver nennir að hlusta

Í viðtali við helgarblað DV árið 2004 spurði blaðamaður Ragga hvort hann væri að hætta í bransanum.

„Ég hætti ekki neitt. Ég syng svo lengi sem einhver nennir að hlusta á mig. Það losnar enginn við mig strax, því get ég lofað.“ Í sama viðtali sagði Raggi um aldurinn og ferilinn: „Guði sé lof að ég hef fengið þá blessun að gera það sem mér finnst

skemmtilegast. Haldið röddinni og getað verið áfram í tónlistinni, því sem ég hef gaman af. Það eru náttúrulega ekki allir sem eru svo heppnir að geta gert þetta fram eftir öllum aldri.“ Hann ítrekaði þetta svo aftur árið 2009 við DV: „Á meðan ég get gert þetta sæmilega og glatt einhverja með söngnum held ég áfram. Hvort það verði eftir áttætt veit ég samt ekki. Ég hef verið heppinn, hef fengið að vinna við það sem ég hef mesta ánægju af og það er ómetanlegt. Ég skil nú ekki hvaðan þessi töffarastimpill kemur. Ég er enginn töffari, ég er bara singer.“

Við bjóðum góða nótt

Mikill meistari er fallinn frá. Hann snerti við mörgum en kærði sig þó kollóttan um frægðina. Það sem skipti hann máli var að gera það sem hann elskaði og deila því með þeim sem vildu hlusta. Fræg er sagan af því að þegar Ragga bauðst frægð í Bandaríkjunum. Þá barst honum boð frá sjónvarpsmanninum Johnny Carson um að koma í áheyrnarprufu fyrir amerískt sjónvarp. Raggi afþakkaði boðið þá pent, því hann hafði hreinlega engan áhuga á því.



Þegar Raggi spilaði á dansleikjum hér forðum þá endaði hann alltaf „show-íð“ á laginu Við bjóðum góða nótt, rétt eins og hljómsveit föður hans hafði gert á árum áður. Þá vissi fólk að ballið var búíð. Blaðamaður sýnir Ragga því þá virðingu að ljúka hans balli með sama hætti:

„Við bjóðum góða nótt, á meðan húmið sig hjúpar hljótt, lát söngs ljúfa mál, strengja stál, stilla sál.“

Lát söngsins enduróm, yrkja í hjartanu fögur blóm, það skapar lífinu léttan dóm.

Nú hljóðnar harpan mín, heim til þín, kveðju þer. En brátt með fjör á ný, við fögnum því, hittumst hér.

Á meðan húmið hljótt breiðir sinn faðm yfir frjálsa drótt við bjóðum öllum, öllum góða nótt. ■




Rekstrarumsjón

LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!



# SUMARBÚÐIR 2020

VATNASKÓGUR  
VINDÁSHLÍÐ  
ÖLVER  
HÓLAVATN  
KALDÁRSEL

[WWW.KFUM.IS](http://WWW.KFUM.IS)



Skráning hefst  
þriðjudaginn  
3. mars kl. 13:00



## Sandkorn



## Auglýst eftir ríkisstjórn Íslands

Á Alþingi í vikunni stigu nokkrir þingmenn upp í pontu og auglýstu eftir ríkisstjórn landsins. „Er hún hætt?“ spurði Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. Tílefni auglýsingarinnar var skortur á málum frá ríkisstjórninni, sérstaklega málum sem stjórnin hafi boðað og fjöldi mála frá þingmönnum sem séu send í nefndir að því er virðist til að daga uppi. Oddný Harðar nefndi að einnig væru dæmi um að nefndarformenn fellu frekar niður fundi heldur en að taka þessi mál fyrir, þótt þau séu um 2/3 þeirra mála sem fjallað hafi verið um á þessu þingi. Líklega er eðlegt að þingmenn spyrji sig hvar ríkisstjórnin sé, enda gífurleg sóun á skattpeningum að eyða tíma í þras og mas til einskis.

## 1.852 dagar

Í svari dóms-  
mála-ráðherra



við fyrirspurn frá Birni Lévi

Gunnarssyni, þingmanni Pírata, kemur fram að lengsti tími frá því að beiðni um breytingu á umgengni barns berst embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þar til máli er lokið er 1.852 dagar, eða rúmlega fimm ár. Á fimm árum getur maður; klárað alla menntaskólagönguna og tvö ár af háskóla. Fimm ár er hálfur áratugur. Á fimm ára tímabili gæti manneskja kosið til Alþingis tvisvar. Þessi staða hlýtur að þurfa að vera í forgangi hjá stjórnvöldum. Mál foreldra eru bráð og mega vart bíða því tíminn eldir manninn og börnin líka. Eða eiga foreldrar kannski bara að bíða aðeins lengur eftir að börnin verði fullorðin og engin þörf á breytingu á umgengni?



MYND: EYÞÓR ÁRNASON

Allt í rusli Brátt verður bikar þolinmæðinnar líka barmafullur – má ætla.

## Fortíðarbölið kostar sitt

## Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Fyrir ekki svo löngu skrifaði ég leiðara um gleymdu börnin. Börn sem alast upp við óöryggi, ofbeldi og foreldra í vímuefnamóki. Hvernig við horfum í hina áttina og skiptum okkur ekki af þessum börnum. Svo alast þessi börn upp, týnd í þessum heimi, án grunnlærdóms sem foreldrar í uppeldinu eiga að veita okkur.

Þessi leiðari vakti nokkur viðbrögð og fékk ég orðsendingar frá ýmsum af þessum börnum sem höfðu fetað misjafnar leiðir í lífinu. Saga eins barnsins, sem fyrir löngu er orðið fullorðið, stakk mig.

Það barn nálgast nú miðjan aldur og hefur þurft að eyða ævinni allri í að berjast við djöfla fortíðar. Um langa hríð lokaði barnið dyrnum að því helvíti sem æskan var og vonaði heitt og innilega að dyrnar yrðu læstar um aldir alda. Svo fór ekki. Því hefur barnið nú þurft að gera upp æskuna með ýmiss konar sérfræðingum. Þetta barn er nú fullorðið og með alls konar greiningar sem rekja má til áfalla í æsku.

Alvarlegar greiningar og sjúkdóma sem þarfnast meðhöndlunar ævina á enda. Svo alvarlegt er það að óvist er hvort þetta barn geti áfram stundað hefðbundna vinnu. Hugsanlega tekur við langt endurhæfingartímabil með tilheyrandi vinnutapi og minnkandi tekjum.

Þetta uppgjör þessa barns er síðan langt því frá að vera ókeypis. Þetta barn er ekki á flæðiskeri statt en syndir heldur ekki í sedlum. Ræður við ákveðin útgjöld um hver mánaðamót en hins vegar má ekki mikið út af bera til að endalok mánaðarins verði erfið. Síðustu mánuði hefur þetta barn eytt mörg hundruð þúsund krónum í læknskostnað. Hátt í hálfa milljón yfir fjögurra mánaða tímabil. Þessir aurar hafa farið í greiningarferli, sálfræðikostnað, geðlæknað og lyf. Þetta barn hefur leitað þeirra leiða sem mögulegt er til að fá kostnað endurgreiddan eða lækkaðan, en það er aðeins brotabrot af heildarmyndinni.

Þetta barn hafði samband við mig, af því að því fannst það skjóta skökku við að fortíðarbölið kostaði framtíðina svona mikið. Þessi fullorðni einstaklingur átti jú enga sök á þeim áföllum sem hann þurfti að horfa upp á sem barn. Þessi manneskja hafði oft borgað

fyrir syndir foreldra sinna, þó ekki með peningum, í gegnum tíðina. Þurft að líða fyrir það í fjölskyldunni að vera barn alkóhólísta. Alkóhólísta sem oft sviku loforð eða gerðu hluti sem særðu fólkið í kringum þá. Skuldin lenti á barninu, enda foreldrarinnir ekki með rænu til að greiða hana upp. Svo loks þegar tilfinningalega skuldin er uppgreidd kemur annar stór og feitur tékki fyrir restinni.

Í minningum þessa barns fengu foreldrar þess ávallt þá hjálp sem þeir þurftu. Þau fóru inn og út úr meðferð og fengu ríkan stuðning í hvert sinn sem þau gerðu sig líkleg til að þurrka sig upp. Fóru á alls kyns fundi og voru hvött til að hugsa vel um sig sjálf. Barnið hins vegar gleymdist. Það fékk engan stuðning, enga fundi eða meðferð. Það var skilið eftir einhvers staðar og einhvers staðar og átti síðan að vera boðið og býið að taka afsökunarbeiðni foreldranna gildar þegar vímuefnamókið rann af þeim.

Það er fátt ósanngjarnara en að greiða skuldir sem maður stofnaði ekki til. Vera beittur óréttlæti. Þetta er bara ein saga af mörgum. Raunverulegt dæmi um hvaða áhrif afskiptaleysi hefur. Hvers konar manneskjur það elur af sér. Er það svona framtíð sem við viljum skapa börnum? ■

## Spurning vikunnar

Hvert er vanmetnasta Eurovision-lagið?

Það styttist óðum í úrslitakvöld Söngvakeppninnar 2020 og fyrir harðkjarna Eurovision-aðdáendur er nú runninn upp dásamlegasti tími ársins. Næstu mánuði skýrist hvaða lög og flytjendur verða fulltrúar sinna landa í sjálfri Eurovision-keppninni í Rotterdam og stendur þessi veisla yfir allt fram yfir miðjan maí. Flestir eiga sín uppáhalds Eurovision-lög, en blaðamanni lék þó forvitni á að vita hvað keppendur í úrslitunum hér heima, telja vanmetnasta Eurovision-lagið.



Lífið er lag með Model er klárlega vanmetnasta lagið.

Stefán Jakobsson



Að mínu mati er vanmetnasta Eurovision-lagið Taken by a stranger sem fór út fyrir hönd Þýskalands 2011.

Iva Marín Adrichem



Ég held að ég verði að segja lagið Karen með Bjarna Arasyni, það var í öðru sæti í undankeppninni árið 1992, sama ár og ég fæddist. Það er klárlega eitt af mínum allra uppáhalds íslensku Eurovision-lögum og það eldist líka svo vel. Ég elska allt við þetta lag og fæ gæsaþúð í hvert einasta skipti sem ég hlusta á það.

Ísold Wilberg



Eurovision 2015 – Lettland, Aminata með lagið Love Injected. Það er mitt „all time favorite“ og náði langt en er strax gleymt.

Nína Dagbjört Helgadóttir



# JÓHANNESARPASSÍA

## BACHS

BWV 245

í búningi fyrir tenór sóló,  
sembal, orgel og slagverk

Flytjendur:

**Benedikt Kristjánsson** tenór

**Elina Albach** sembal- og orgelleikari

**Philipp Lamprecht** slagverksleikari

**4. mars**

Miðvikudagur  
kl. 20:00



Þessi einstæði flutningsmáti Jóhannesarpassíunnar hefur slegið í gegn í Þýskalandi og Hollandi. Benedikt Kristjánsson tenórsöngvari syngur passíuna frá upphafi til enda í samspili við orgel, sembal og fjölbreytt ásláttarhljóðfæri. Kirkjugestir taka þátt í sálmisöngnum.

Verkefnið hlaut nýlega hin virtu OPUS KLASSIK-verðlaun í Þýskalandi í flokknum "Áhugaverðustu tónleikar ársins" en meðal annarra verðlaunahafa þar voru Víkingur Heiðar Ólafsson, Mariss Jansons, Vínafrílharmonían, Orchestra of the Age of Enlightenment, Kim Kaskashian og Jonas Kaufman. Framundan eru tónleikar á virtum tónlistarhátíðum í Evrópu m.a. Hamburger Festspiele í Elbphilharmonie í Hamborg 11. maí nk. og Bach-hátíðinni í Leipzig 13. júní nk. Benedikt Kristjánsson tenór er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2019, m.a. fyrir þennan flutning sinn á Jóhannesarpassíunni.



Benedikt Kristjánsson  
tenór



Elina Albach  
sembal- og orgelleikari



Philipp Lamprecht  
slagverksleikari

**Aðgangseyrir: 6.900 kr.**

Miðasala í Hallgrímskirkju.  
Ópið daglega 9-17  
og á [www.tix.is](http://www.tix.is)



HALLGRÍMSKIRKJA

# UNGLINGAR SEM FREM

■ Hópárás á 14 ára pilt í Kópavogi hefur vakið mikinn óhug ■ Takmörkuð úrræð

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
auður@dv.is



Fjórtnán ára piltur í Kópavogi varð fyrir fólkskulegri líkamsárás af hálfu unglingspíla á aldrinum 15 til 17 ára fyrr í þessum mánuði. Myndskeið af atvikinu sýnir piltana ráðast á fórnarlambið með höggum og spörkum. Fram hefur komið í fjölmiðlum að fórnarlambið sé af erlendum uppruna og telur telur faðir hans ekki útilokað að ástæða árásarinnar sé útlendingaandúð. Myndskeið af árásinni hefur verið í dreifingu á samfélagsmiðlum undanfarið og vakið mikinn óhug.

Einn af þeim ráðamönnum sem hafa tjáð sig um málið er Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi, en hún gerði árásina að umræðuefni á fundi bæjarstjórnar í Kópavogi á dögunum og kallaði eftir viðbrögðum bæjaryfirvalda. Sagðist hún hafa sent erindi til bæjarráðs með tillögu þess efnis að Kópavogsbær hefji átak gegn einelti og ofbeldi meðal ungmenna. Þá sagðist hún vilja kalla til fulltrúa frá lögreglunni til þess að ræða verklag þeirra þegar upp koma mál sem varða ofbeldi og mismunun meðal ungmenna.

Meðferðarúrræði fyrir afbrotanglinga eru af skornum skammti hérlendis. Barn er einstaklingur undir átján ára aldri, bæði samkvæmt íslenskum lögum og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sakhæfisaldur á Íslandi er 15 ár og lúta börn á aldrinum 15 til 18 ára sömu lögum og fullorðnir sakborningar. Ýmis ákvæði í lögum kveða þó á um sérstaka meðferð í þeim málum þar sem um unga sakborninga er að ræða, en flest af þeim ungmönnum sem hafa verið dæmd fyrir alvarlega glæpi á Íslandi hafa hlotið skilorðsbundinn fangelsisdóm. Í mörgum tilfellum hafa ungmenni verið send á með-

ferðarheimili. Lítið er þó um eftirfylgni og stuðning í kjölfarið.

Seinustu áratugi hafa komið upp nokkur alvarleg hópárasmál hér á landi þar sem gerendurnir og fórnarlömb eru ungmenni undir 18 ára aldri. Dæmi eru um að fórnarlömb sitji upp með varanlegan skaða og jafnvel örkuð.

## „Komum, þetta er nóg“

Árið 2016 átti sér stað hættuleg og alvarleg líkamsárás á bílplani Langholtsskóla í Reykjavík. Fórnarlambið var unglingsstúlka, nemandi í Austurbæjarskóla, en hún hafði lengi mátt þola mikið einelti. Gerendurnir voru þrjár aðrar unglingsstúlkur en sú fjórða tók árásina upp á myndband sem síðar fór í umferð á samfélagsmiðlum. Árásin var með þeim hætti að stúlkan fékk skilaboð þar sem hún var spurð hvar hún væri stödd. Stuttu síðar mættu stúlkanar fjórar og réðust á hana.

Á myndskaiðinu má sjá stúlkanar lemja og niðurlægja fórnarlambið með hrottalegum hætti á meðan það liggur á gangstéttinni. Undir lokin heyrist ein úr hópnunum segja: „Komum, þetta er nóg.“ Málið var kært til lögreglu en aðeins einn af gerendum hafði náð sakhæfisaldri.

## Annar gerandinn svipti sig lífi

Eitt alvarlegasta tilfellið átti sér stað í október 1993. Þá varð 15 ára gömul stúlka, Guðrún Jóna Jónsdóttir, fyrir hrottalegri líkamsárás af hálfu þriggja stúlkna í miðborg Reykjavíkur. Stúlkurnar sátu fyrir Guðrúnu, réðust á hana með höggum og barsmiðum og misþyrmdu henni hrottalega. Guðrún og móðir hennar ræddu við DV í nóvember 2002 og þar sagði meðal annars:

*Guðrún man allt sem gerðist þegar fólkskuverkið var framið. Þær vinkonurnar voru að koma úr afmæli og ákváðu að kíkja aðeins í bæinn. Þar gerðist það.*



*Bláókunnugar stelpur réðust á hana og héldu henni niðri á hárinu meðan þær spörkuðu í höfuð hennar.*

*„Ég var ofboðslega hrædd og hrópaði í sífellu: „Hættið þið. Eruð þið óðar?“ En það var eins og þær væru ekki mennskar.“*

Guðrún Jóna lá meðvitundarlaus í öndunarvél í meira en mánuð eftir árásina. Þegar hún vaknaði kom í ljós að hún hafði hlotið varanlegan heilaskaða. Hún hefur verið bundin við hjólastól síðan og er með afar takmarkaða málgetu.

Lögregla taldi ekki sannað að þrjár stúlkur hefðu tekið þátt í árásinni á Guðrúnu, heldur tvær. Þær voru 14 og 16 ára á þessum tíma. Báðar voru þær farnar að neyta áfengis og fíkniefna. Sú yngri var ekki ákærð, enda undir sakhæfisaldri, en var hins vegar

send á upptökuheimili. Henni tókst síðar meir að koma lífi sínu á rétta braut.

„Ég græt mig enn í svefn yfir því sem ég gerði. Ég hef þurft að lifa með þessu – og það hefur ekki verið auðvelt. Ég mun aldrei hætta að refsa mér fyrir þetta,“ sagði hún í samtali við Fréttatímann árið 2012.

Eldri stúlkan hlaut þriggja ára fangelsisdóm. Hún sat hins vegar aðeins inni í rúmt ár. Dómari við Hæstarétt skilaði sératkvæði og vildi skilorðsbinda dóm yfir stúlkunni. Tók hann fram að stúlkun hefði löngum búið við erfiðar heimilisaðstæður og „þurfi að horfast í augu við þá þungbæru staðreynd að hafa lagt framtíð 15 ára stúlku svo að segja í rúst í einu veffangi.“ Sami dómari taldi það geta reynst henni skaðlegt og torvelað henni að takast á við

vanda sinn í framtíðinni að sitja í fangelsi. Stúlkun sökk djúpt í neyslu áfengis og fíkniefna eftir að hún losnaði úr fangelsi. Hún svipti sig lífi árið 2012.

## Hótað lífláti ef hún kjaftaði frá

Árið 2009 kom upp annað hópárasmál þar sem fórnarlambið var fimmtán ára stúlka. Gerendurnir voru sjö stúlkur á aldrinum 16 til 17 ára. Aðdragandi árásarinnar var sá að ein af stúlkunum taldi sig eiga óuppgerðar sakir við fórnarlambið og fékk það inn í bíl til að ræða málin. Við Suðurver settust sex aðrar stúlkur inn í bílinn og í framhaldinu var bílnum ekið upp í Heiðmörk en annar bíll ók á eftir þar sem unglingspiltur var undir stýri. Í Heiðmörk var stúlkun dregin út og ráðist á hana. Þrjár úr hópnun gengu hvað harðast



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1one<sup>®</sup>  
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

# ÞUJA ALVARLEGA GLÆPI

## Þu í boði fyrir unglunga sem fremja alvarleg ofbeldisbrot

Ofbeldi gagnvart unglingsstrákum líðst – og guð hjálpi þeim ef þeir eru af erlendum uppruna



Skjáskot úr myndskleiði sem sýnir árásina við Langholtsskóla.

fram og veittu stúlkunni meðal annars höfuðhögg. Stúlkurnar sjö óku því næst á brott með stúlkuna. Inni í bílnum héldu þær áfram að láta högginn dynja á andliti hennar. Stúlkann var loks skilin eftir við verslunarmiðstöðina Fjörðinn í Hafnarfirði og hótuðu stelpurnar henni lífláti en hún myndi kjafta frá árásinni. Stúlkann var með mikla áverka, illa útleikin í andliti, bólgin og skrámuð. Árásarstúlkunar sjö voru allar sakhæfar en undir lögaldri og því börn samkvæmt laganna bókstaf. Þrjár úr hópnum voru síðar meir dæmdar í þriggja ára skilorðsbundið fangelsi.

### „Íðrin lágu að einhverju leyti úti“

Í október 1970 varð 10 ára drengur í Keflavík fyrir árás þriggja jafnaldra sinna. Árásarpiltarnir stungu drenginn með hnífi. Í frétt Morgunblaðsins kom fram að gerendurnir hefðu verið „aðkomudrengir.“ Fórarlambið var duglegur blaðsöludrengur í bænum og var ásetningur árásarpiltanna að hafa af honum peninga til að geta komist með rútunni heim til sín. Urðu þá sviptingar á milli þeirra sem enduðu með því að drengurinn varð fyrir hnífstungu. Í frétt Morgunblaðsins kom fram að drengurinn hefði hlotið „alvarlegan áverka á kvíðarholi og lágu iðrin að einhverju leyti úti.“ Hann gekkst undir skurðaðgerð á Borgarspítalanum en á meðal innvortis meiðsla voru sár á lifur og maga.

### 15 ára gerandi

Fleiri tilfelli hafa komið upp hér á landi þar sem ungmenni hafa gerst sek um alvarlega ofbeldisglæpi og jafnvel manndráp. Árið 1987 var 15 ára piltur dæmdur í fjögurra ára skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa orðið jafnaldra sínum að bana fyrir utan unglingskemmtistaðinn Villta tryllta Villa í Reykjavík. Átök urðu á milli þeirra tveggja sem enduðu með því að pilturinn dró upp vasahníf og stakk hinn piltinn í brjóstið. Í kjölfarið gaf hann sig sjálfur fram við lögreglu en hinn pilturinn lést af áverkum sínum skömmu síðar.

Þegar málið var tekið fyrir dóm var litið til þess að pilturinn hefði verið „ríflaga“ 15 ára þegar hann framdi þennan hryllilega glæp. Dómurinn leit einnig til þess að pilturinn gaf sig fram við lögreglu þegar í stað og viðurkenndi brot sitt, auk þess sem verknáðurinn hafði verið framinn í mikilli geðshræringu. Tekið var mið af 75. gr. þar sem drengurinn sem lést hefði orðið geranda til mikils ama, sem varð til þess að hann framdi verknáðinn. Hann hafði þar að auki aldrei áður gerst sekur um glæp. Ákvæði í lögum um manndráp kveða á um lágmark fangelsisrefsingu og þetta er í eina skiptið sem að einstaklingur hefur hlotið skilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp hér á landi.

### 15 ára á Litla-Hraun

Árið 2005 hlaut 16 ára piltur, Axel Karl Gíslason, viðurnefnið „yngsti

mannræningi Íslandssögunnar“ í íslenskum fjölmiðlum. Axel Karl var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa farið ásamt fjórum félögum sínum að verslun Bónuss á Seltjarnarnesi og numið sextán ára starfsmann á brott. Fyrir um daginn hafði Axel Karl losnað úr síbrotagæslu sem hann var í vegna annarra brota. Axel og félagar höfðu í hótunum við starfsmanninn, meðal annars með rábsbyssu. Starfsmanninum var stungið í skott á Subaru-bifreið og svo ekið á brott. Ferðinni lauk við hraðbanka við Hagatorg í Vesturbænum þar sem starfsmaðurinn var neyddur til að taka út 30 þúsund krónur í reiðufé.

Aðalsteinn Línadal Gíslason, elsti bróðir Axels, ræddi við DV um það leyti sem dómurinn féll í héraðsdómi en þá var ljóst að Axel myndi afplána refsinguna á Litla-Hrauni, innan um morðingja, nauðgara og barnaníðinga. „Litla-Hraun er ekki ákjósanlegur staður fyrir unglunga. Það er ljóst,“ sagði Aðalsteinn meðal annars. Í apríl 2006 greindi DV frá því að Axel væri vistaður á svokölluðum stóragangi með eldriföngum eins og Annþóri Karlssyni handrúkkara og Rúnari Ben Maitsland, sem var dæmdur fyrir stóra fíkniefnamálið.

Erlendur S. Baldursson afbrotufræðingur sagði í samtali við DV að ungir menn væru ekki settir á Hraunið að ástæðulausu. Slík tilfelli væru metin út frá afbrotiferli manna og ef ekki væri

talið óhætt að vista þá í opnum fangelsum. „Til þess að það sé á hreinu þá eru það ekki óharðnaðir unglingar sem eru komnir með fangelsisdóm.“

DV ræddi einnig við Helga Gunnlaugsson afbrotufræðing sem sagði það hafa reynst afar illa að reka sérstakt unglingsfangelsi hér á landi, og átti þar við Breiðavík sem starfrækt var á sjötta og sjöunda áratug seinustu aldar. Sérstök rannsókn var gerð þar sem skoðað var hvað hefði orðið af ungu afbrotamönnum og kom þá í ljós að 70–80 prósent þeirra leiddust aftur út í glæpi. Hann segir það afar varhugavert að láta saman í fangelsi unga menn sem deila með sér sömu vonbrigðum og sýn á veröldina og myndi með sér tengslanet og klíkur.

Axel Karl er ekki eini unglingspilturinn sem hefur verið vistaður í fangelsinu en árið 2007 greindi DV frá því að fimmtán ára unglingspiltur, Stefán Blackburn, afplánaði dóm á Litla-Hrauni. Á einungis fimm mánaða tímabili komst hann ítrekað í kast við löggin, meðal annars vegna líkamsmeiðinga, rána, fíkniefnaneyslu og hótana. Afbrotiferli Stefáns var ekki lokið því árið 2014 var hann ásamt öðrum dæmdur í sex ára fangelsi fyrir hrottalega líkamsárás og frelsisviftingu í Stokkseyrarmálinu svokallaða.

Í mars 2005 voru tveir 15 ára piltar vistaðir í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni yfir helgi, grunað-

ir um fjölda innbrota. Einnig var þrettán ára drengur úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna sama máls en hann var vistaður á meðferðarheimilinu Stuðlum.

### Handtekinn 11 sinnum

Í nóvember 1996 greindi DV frá því að 16 ára gamall reykvískur piltur hefði gengið berserksgang í borginni undanfarna mánuði. Hann hafði verið handtekinn alls 11 sinnum á árinu fyrir að ógna fólki og veita því áverka og í flestum tilfellum var hann vopnaður hnífi.

„Það gefur augaleið að piltur sem fremur svona mörg afbrot þarf að vera einhvers staðar í meðhöndlun en ekki að ganga laus á götunni. Það er hvorki honum né umhverfi hans til góðs. Það er ljóst að virkari úrræði vantar hér á landi til að stöðva svona pilta tafarlaust og koma þeim til hjálpar. Það þarf að taka svona alvarleg mál fastari tökum til að hægt sé að stöðva þetta,“ sagði Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlöggluþjónn og yfirmaður forvarnardeildar lögreglunnar, í samtali við DV.

### Úrræðaleysið algjört

„Staðan virðist hins vegar vera þannig í dag að þetta sé sá veruleiki sem blasir við unglingsdregjum,“ segir móðir 14 ára pilts í samtali við DV. Sonur hennar varð fyrir líkamsárás af hálfu jafnaldra sinna á seinasta ári. Um var að ræða vopnaða ▶

árás því árárdrengirnir voru með hnúajárn sem þeir notuðu til að ógna þótt þeir kýldu ekki með því. Móðurinni blöskrar aðgerðarleysi lögreglu í málinu, sem hafði engar afleiðingar fyrir gerendurna.

„Árásin fór fram um hábjartan dag fyrir framan Ráðhús Reykjavíkur á skólatíma, í tengslum við viðburð sem félagsmiðstöðvarnar stóðu fyrir. Við fengum að kynna af eigin raun ábyrgðarleysi allra yfirvalda sem við leitum til eftir árásina – hvort sem um ræðir lögregluna, heilsugæsluna, grunnskólann, Birkihlíð, sem tekur ekki við ofbeldisþolendum undir 18 ára aldri, þjónustumiðstöð og barnavernd. Allir með tölu vísuðu á næsta aðila þangað til við vorum komin heilan hring í kerfinu án þess að nokkur tæki málið í sínar hendur.“

Móðirin bendir á að áverkavottorð hafi verið til staðar og sömuleiðis hafi árásin verið tekin upp á myndskaið sem síðar var deilt á samfélagsmiðlum. Hún bendir á að árásin hafi átt sér stað um hábjartan dag fyrir framan „fullt af fullorðnu fólki sem labbar fram hjá og gerir ekki neitt“.

„Og ekki bara það. Við erum að tala um lögreglu og barnaverndaryfirvöld sem gera ekkert í málinu af því að við foreldrnir vildum ekki kæra árárdrengina, 14 ára drengi. Í okkar huga kom það ekki til greina enda lögreglan og barnaverndaryfirvöld með öll þau gögn sem þau þurftu til að taka á málinu. Mín upplifun af þessu var að kerfið er algjörlega lamað og tekur alls enga ábyrgð. Ofbeldi gagnvart unglingsstrákum líðst – og guð hjálpi þeim ef þeir eru af erlendum uppruna.“

Móðirin bætir við að alvarleiki árásarinnar komi greinilega fram á myndskaiðinu. Það sé því alvarlegt lögreglan skyldi ekki taka á málinu. „Eftir að hafa baksað við kerfið í nokkra mánuði og eftir að hafa nýtt mér persónuleg tengsl

fengum við loks að afhenda lögreglunni myndbandið og láta taka skýrslu af okkur án þess að þurfa sjálf að leggja fram kærú á árárdrengina.“

Móðirin tekur einnig fram að árásin á son hennar hafi verið algjörlega tilefnislaus. „Þetta var ekki einelti eða álíka. Árárdrengirnir bjuggu til ástæðu og kröfðust afsökunar. Það var líka óhugnanlegt að finna hræðsluna sem greip um sig meðal bekkjarsystkina sonar míns. Það þorði enginn að segja frá. Þau voru mjög hrædd. Allir drengirnir þrír sem réðust á son minn voru í skólum þvert á hverfi og koma úr erfiðum aðstæðum. Með aðgerðarleysinu er kerfið að mínu mati að ýta þeim lengra út á braut ofbeldis og glæpa í staðinn fyrir að grípa inn í af ákveðni og festu.“

### „Börn þurfa umhyggju og aðhald“

Sigurður Hólm Gunnarsson er forstöðumaður Barnaverndar Reykjavíkur og forstöðumaður á skammtímaheimili fyrir unglinga í Reykjavík. Hann telur að ofbeldisglæpir unglinga hafi tekið á sig aðra birtingarmynd en áður. „Það virðist furðu algengt um þessar mundir að ungt fólk sé að skipuleggja árásir á einstaklinga í þeim tilgangi að meiða og niðurlægja. Mörg dæmi er um að árásirnar séu vísvitandi teknar upp á síma og þeim svo dreift um samfélagsmiðla.“

*Hvað finnst þér um þau meðferðarúræði sem eru í boði fyrir ungmenni sem fremja alvarlega ofbeldisglæpi?*

„Það eru til ágæt meðferðarúræði fyrir ungmenni með hegðunarvanda, en um leið má velta fyrir sér hvort gripið sé nægjanlega fljótt inn í. Ég tel afar mikilvægt að ungmenni sem verða fyrir ofbeldi og ekki síður þau sem beita slíku alvarlegu ofbeldi fái aðstoð sem allra fyrst. Fórnarlömbin og fjölskyldur þeirra eiga að hafa greiðan aðgang að sál-

Frétt DV frá því í september 2005.

**Axel Karl Gíslason, sextán ára síbrotamaður er talinn vera höfuðpaur í mannráninu sem framið var í Bónus á Suðurströnd á föstudag. Ætlunin var að rukka fórnarlambið um 30 þúsund krónur, sem Axel taldi það skulda sér.**

# Höfuðpaurinn í mannráninu er sextán ára síbrotamaður

Axel Karl Gíslason, sextán ára drengur úr Reykjavík er talinn vera höfuðpaurinn í ráni á ungum starfsmanni Bónuss á Seltjarnnesi. Samkvæmt heimildum DV meðan hann hafði ráðið ferðinni í mannráninu, sem nærir um 30 þúsund krónur sem Axel taldi hann skulda sér. Lögreglan bandtók fimm manns stuttu eftir mannránið, sem framið var síðla föstudags. Þjófir þeirra eru yngri en 20 og einn þeirra 26 ára.



Ránet úr vinnunni fórnarlambið var við afgreifslu í vinnustofu í Tölvugötu þegar þeir voru niðri og fluttir í loftið á brott. Almenningsgjafið fékk með þessu árs Seljarnes og Vesturbæ í skattinu, sem er þótt og stótt eftir.

Skilnað eftir. Hér var fórnarlambið stöðt af 0.100 að hafa tekið úr 30 þúsund krónur. Eyðt manna.

Málakári Axel hjó lögreglu er mjög djúg og hafur hann verið viðhöndlað lögreglu allt frá tólf ára aldri, eftir því sem DV kemur næst. Hann var tekið af lögreglu á Sælabreki þegar hann var tólf ára gamall með föfnunum milli og hafði þess í förum ströngum kærabókunum. Hann losaði úr gæsluvarðhaldi á föstudag en var drukkubotur í annað skipti á laugar- dag. Ásamt mánamanns fjórum. Þeir sátu til allri rannsókn fyrir mannránið, hófnað og rétt og myg elga von á ákæru.

Yfirbýndur gegn Axeli og mánamanns hafa lorið fram að einhverju leyti en lögreglan veitir mál- ið á grunnstigi rannsóknar og að ekki sé hægt að upplýsa um hvort að fjáring liggja fyrir vegna þess.

**Geymskur í skottinu**  
Fórnarlambið er undir vöngu og var við afgreifslustöf í vinnu Bónuss á Seltjarnnesi þegar mennirnir með Axeli í fórnarlambið fóngu hann á tal við sig fyrir utan vinnutíma. Eftir orðskipti við mennina var fórnarlambið tekið og læti í skotti rýflogar skuttifreiðar, sem talin er vera af gerðinni Subaru. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu í Reykjavík var fórnarlambið í haldi manna í síman hákkurina. Þó fékk þá hjá vaxlaranda í vinnu áttu þar sem fórnarlamb þess hló ásmátt lögreglu.

**„Meðal þeirra afbrota sem Axel var dæmdur fyrir voru innbrot, hylming þýfis og brot á fikniefnalöggjöf- inni. Forsendur fyrir áframhaldandi gæsluvarðhaldi gegn hon- um voru ekki fyrir hendi á föstudag og var því ekki krafist lengingar.“**

ur í peningum sem mennirnir voru að lambótta. Ástæðan fyrir skuldinni er að sögn heimildar- manna DV sé að löggöf- an gerði upptækt þýð sem Axel var með í för- um ströng og taldi hann fórnarlambið eiga hlut að afskipti- um lögreglu. 30 þúsund krónur eru sagðar vera andvirði þýfis sem gert var upptækt. Fórnarlamb- ið þar því við hjó lögreglu að smáttum hefðu notið skattvagns í smáttum- um. Sam- kvæmt heimild-



Axel Karl Gíslason. Talinn vera höfuðpaurinn í mannránið, sem framið var í Bónus á Suðurströnd. Hann bjóði 30 þúsund krónur fyrir höfuðpaurinn mannránið, sem framið var síðla föstudags.

fræðingum og öðru fagfólki til að vinna úr því áfalli sem fylgir því að verða fyrir alvarlegum árásum

and einelti. Mér finnst einnig mikilvægt að grípa þá einstaklinga sem beita ofbeldinu strax og veita þeim viðeigandi aðstoð.“

Sigurður bendir á að ungmenni í áhættuhegðun og þau sem beita ofbeldi komi úr alls konar aðstæðum. „Sum búa vissulega við erfiðar aðstæður en það er alls ekki algilt. Það sem þau eiga flest sameiginlegt er að þeim líður illa. Ungmenni með brotna sjálfsmynd og í mikilli vanlíðan eru líklegri til að leiðast út í áhættuhegðun. Því hef ég alltaf lagt áherslu á að hvetja fólk til að spara stóru orðin þegar kemur að gerendum.“

Sigurður segir ofbeldið sem sést hefur í fjölmiðlum undanfarna daga vissulega vera alvarlegt og sláandi, en það sé engum greiði gerður með því að gera lítið úr þeim ungmennum sem hegða sér með þessum hætti.

„Börn þurfa umhyggju og aðhald en ekki fordæmingu og útskýfun. Ég hvet fólk sem tjáir sig opinskátt á opinberum vettvangi, svo sem eins og í athugasemda- kerfum fjölmiðla, til að sýna stillingu og aðgát. Reiði er eðlileg tilfinning en hún er ekki gagnleg í baráttunni gegn ofbeldi. Mun frekar hvet fólk til að sýna hluttekningu, setja sig í spor þessara barna og huga að lausnum. Markmiðið er að draga úr ofbeldinu en ekki að fordæma og útskýfa.“

Það er mikilvægt að huga að forvörnum og við sem erum for- eldrar ættum að ræða við börnin

okkar um ofbeldi. Mörg þessara ungmenna gera sér ekki grein fyrir því hversu gríðarlega slæmar afleiðingar ofbeldi getur haft. Eitt hnefahögg eða spark í andlit annars getur hæglega örkuð eða einfaldlega drepit þann sem verður fyrir því. Við eigum dæmi um báðar þessar afleiðingar á Íslandi. Fólk hefur lamast og látið lífið í svona árásum.“

*Telur þú að það sé nægilega vel hlúð að ungum fórnarlömbum ofbeldisbrota, það er unglingum sem verða fyrir alvarlegu ofbeldi af hálfu jafnaldra sinna?*

„Ég er handviss um að við getum gert betur í þeim efnum. Við eigum mikið af færri fagfólki sem getur hjálpað þeim sem hafa orðið fyrir alvarlegu ofbeldi og einelti, en það mætti bæta aðgengið og upplýsingar um hvar sé hægt að leita aðstoðar. Sum fórnarlömb og fjölskyldur þeirra upplifa að litla hjálpi sé að fá og á þá upplifun verður að hlusta og bregðast við. Á þetta kannski sérstaklega við um innflytjendur og fólk sem stendur illa félagslega. Einelti og annað ofbeldi er grafalvarlegt samfélags- mein sem getur haft mikil áhrif á líf þeirra sem verða fyrir því sem og á nánustu aðstandendum og nærsamfélagið allt. Það er því til mikils að vinna með því að styrkja alla innviði sem snúa að velferð barna. Við þurfum að veita fjölskyldum stuðning og efla skóla, heilbrigðiskerfið, barnavernd, lögregluna og allt það sem getur dregið úr vanlíðan ungmenna.“ ■


**ACANA**

**Orijen**  
NOURISH AS NATURE INTENDED

**HUNDAFÖÐUR ÁN HLÍÐSTAEDU**

**gæludýr.is**

[www.gaeludyr.is](http://www.gaeludyr.is)



## VELJIÐ STAÐ ÞAR SEM FAGMENNSKA ER Í FARARBRODDI

**Auk hefðbundins réttindanáms bjóðum við upp á eftirfarandi námskeið:**

- B-réttindi á íslensku, pólsku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Meiraprófsnámskeið á íslensku og pólsku
- Bifhjólánámskeið
- Endurmenntun atvinnubílstjóra
- Afleysingarmannanámskeið á leigubíl
- Rekstrarleyfisnámskeið leigubíla og fólks- og farmflutninga



## Endurmenntun atvinnubílstjóra

Námskeið haldin alla  
laugardaga frá  
kl: 9:00-16:00

Pólsk Endurmenntun  
hefst 1. mars (95code)

Fyrirtæki geta óskað eftir  
sérnámskeiði fyrir hópa

**Næstu meiraprófsnámskeið 5. febrúar 2020 / 4. mars 2020 / 1. apríl 2020 kl: 17:30**



Ökuskólinn í Mjódd byggir á margra ára starfsreynslu í öllum greinum ökunáms

Skráning á námskeiðin fara fram á vefsíðu okkar [www.bilprof.is](http://www.bilprof.is)

Ökuskólinn í Mjódd | Þarabakka 3 | 109 Reykjavík | [bilprof.is](http://bilprof.is) | s. 567 0300 | [mjodd@bilprof.is](mailto:mjodd@bilprof.is)

# Ótti við foreldrahlut

■ Elvar Gunnarsson er maður margra titla ■ Heillaðist snemma af regluleysi

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



Það er eitthvað sem heillar mig svo mikið við regluleysi í listsköpun," segir Elvar Gunnarsson, leikstjóri, tókumaður, handritshöfundur, framleiðandi, tónlistarmaður, teiknari og faðir fjögurra dætra. Elvar hefur verið háður listsköpun frá unga aldri í hinum ýmsu formum. Snemma á lífsleiðinni lærði hann á píanó og byrjaði að rappa aðeins ellefu ára gamall, auk þess að vera einn höfuðpaura XXX Rottweilerhunda áður en hann sagði skilið við sveitina. Að eigin sögn hóf hann snemma að rappa og spila á hljóðfæri, en hann segir kvikmyndaá hugann hafa verið ríkjandi alla hans ævi og skilgreinir hann sig sem „fullgildan vídeólúða.“ Þetta skrifar hann á vídeóleigurfá, myndasögulestur, reglulegar heimsóknir í Nexus og ekki síst hressilegt, menningaruppeldi frá foreldrum sínum.

„Ég var einnig rosamikill vínylsafnari sem krakki og keypti mikinn vínýl þegar hann kostaði bara 50 kall. Ég átti mikið safn af því og ódýrum VHS-spólum og kveikjan að mínum nördaskap fólst svolítið í því að grafa, vita hvað er gott og hvað er ekki," segir Elvar. „Þegar ég hætti í Rottweiler þá fór ég meira að segja að vinna á Aðalvídeóleigunni, aðallega var það til að byrja með vegna þess mig vantaði pening en þar náði ég svolítið að rækta kvikmyndanörðið í mér.“

## Tilraun í einni töku

Elvar útskrifaðist úr Kvikmynda-skóla Íslands árið 2005 og gerðist skömmu seinna kennari við skólann. Í gegnum árin hefur hann unnið að fjölda tónlistarmyndbanda og sinnt sínum eigin verkefnum á milli. Auk þess semur Elvar rapptónlist í frístundum sínum en hyggst ekki gefa hana út. Segir hann þetta vera meira líkt áhugamáli til að halda sköpunargleðinni gangandi. Hann segir þetta ekki vera ósvipað ferlinu þegar hann gerði sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd, en í því ferli var öllu tjaldað til en afraksturinn mun trúlega aldrei líta dagsins ljós.

„Ég vil ekki gera það sem mér sagt að sé gott í hefðbundnum skilningi. Þetta er galin pæling," segir Elvar. „Í kvikmyndanámi er þér kennt hvað sé gott hvað sé það ekki. Ég hef sjálfur verið sekur um að detta í slíkan pakka þegar ég hef verið að kenna, en grunnreglan er að afskrifa ekki geira- eða flokkamyndir sem eitthvert rusl, heldur þarf að finna og grúska í því sem þær skila til manns persónulega og læra að meta snilldina í hinu óvenjulega. Strax eftir kvikmyndanámið gerði ég mynd í fullri lengd, í einni töku meira að segja. Það heppnaðist, þótt hún verði ekki séð af almenningi, en ég fékk góðan lærdóm út úr henni. Ég sá að þetta væri góð mynd innan þess ramma sem mér var kennt að væri góð mynd, en ég fattaði að hún væri einfaldlega bara leiðinleg, alveg fokkleiðinleg," segir Elvar. „Ég áttaði mig á því að ég vildi ekki



Á bak við vélna Elvar leikstýrir barnsmóður sinni og fyrrverandi maka.

gera eitthvað sem mér var kennt að væri gott.“

## Þau sem þora

Elvar undirstrikar mikilvægi svokallaðra flokkamynda í íslensku kvikmyndasögu og segir þær hafa mótað hann gífurlega, bæði á uppeldisárunum og síðar um ævina. Hann segir það ekki vera tilviljun að margar íslenskar kvikmyndir séu oft keimlíkar þar sem nemendum er yfirleitt kennt á ákveðna ramma í frásögn og stíl sem eru sagðir virka. „Þeir sem þorðu að gera flokkamyndir á þessum tíma í íslensku kvikmyndagerð, þeir skammast sín fyrir þær oft en ekki og það skil ég ekki," segir Elvar.

„Ég heillaðist mjög ungur af kvikmyndum sem fóru yfir strikið



Reynsluboltar Halldóri Gylfasyni og Halldóra Geirharðsdóttur bregður fyrir í hrollvekjum Elvars.

og gerðu hluti sem enginn þorði að gera; hvort sem það eru kvikmyndir eins og Blóðrautt sólarlag, Okkar á milli eða Morðsaga. Ég var meira að segja það mikill lúði að ég fór heim til Reynis Oddssonar, sem leikstýrði Morðsögu, og talaði við hann um myndina. Ég átti bara kvöldstund heima hjá honum og konunni hans og var svolítið mikið í þessu. Ég hafði gaman af því að yfirheyra fullt af liði sem mér þótti áhugavert. Ég var ekki bara aðdáandi þess efnis sem menn eins og Reynir gerðu, heldur líka að þeir þorðu að gera það.“

Elvar rifjar upp gullaldarskeið RÚV þegar ýmiss konar sjónvarpsmyndir réðu þar ríkjum og voru oft stórfurðulegar og truflandi, en hrollvekjur voru sérlega algengar á níunda áratug síðustu aldar. Elvar vísar í sjónvarpsmynd Egils Eðvarðssonar, Steinbarn, sem hafði gífurleg áhrif á hann.

„Sjónvarpsmyndir RÚV eru einhverjar skemmtilegustu myndir kvikmyndasögunnar á Íslandi, en það hafa svo fáir séð þær í dag því aðgengi að þeim er nánast farið. En Steinbarn er fyrsta kvikmyndin sem hræddi mig og í ýmsum verkum mínum hef ég verið að sækja í þau áhrif sem sú kvikmynd hafði á mig.“

## Forn vættur og meðgöngumartröð

Elvar hefur síðastliðin ár unnið með hóp ungs kvikmyndagerðarfólks að því að klára hrollvekjuna It Hatched, sem gengur einnig undir heitinu Mara. Myndin er sögð vera óður til horfinna tíma í hrollvekjugeiranum og í ætt við hrollvekjur sem gerðar voru seint á áttunda áratugnum. Nefnir Elvar kvikmyndir eins og Rosemary's Baby og The Shining sem gífurlegan innblástur.

Verkefnið hófst fyrir fimm árum og það hefur verið annarsamt ferli að sigla afrakstrinum í höfn. Upphaflega stóð til að afhjúpa myndina árið 2017 en ýmsar tafir hafa sett strik í reikninginn. Til að bæta gráu ofan á svart gekk Elvar í gegnum erfiðan skilnað meðan á framleiðslunni stóð. Ekki bætti heldur úr skák að í miðju skilnaðarferli blasti maki hans við augum á hverjum degi í eftirvinnslu myndarinnar, en það er leikkonan Vivian Ólafsdóttir, sem fer með eitt af aðalhlutverkum hrollvekjunnar.

Elvar segir þó kvikmyndina vera á góðum stað og segist vera spenntur að geta sýnt áhorfendum afraksturinn. Myndin segir frá ungu pari sem flytur frá Bandaríkjunum til afskekks staðar á Íslandi, þar sem til stendur hjá par-

## HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt


Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

# Verkið í brennidepli

Glímdi við óvenjulegt skilnaðarferli



Á tökustað Elvar ásamt Gunnari Kristinnssyni við tökum á Möru/It Hatched.



Drungalegt Plakat myndarinnar vakti gífurlega athygli á samfélagsmiðlum þegar það var afhjúpað á sínum tíma. Hönnuður er Ómar Hauksson.



Vivian Ólafsdóttir



inu að gera upp gamalt hús og opna gistiheimili.

Við fyrstu sýn fagna þau kyrrðinni og horfa fram á við bjartsýnum augum, en dag einn finna þau djúpa holu á kjallara-gólfinu og þar undir býr forn vættur sem aðeins hefur heyrst um í þjóðsögum. Konan gildnar skyndilega og virðist hafa orðið ólétt á svipstundu. Í kjölfarið verpir konan eggja eina nóttina og hægist ekki mikið á atburða-

rásinni eftir það. Auk Vivian fer Gunnar Kristinnson með annað aðalhlutverkið en einnig bregður fyrir þekktum leikurum á borð við Halldóru Geirharðsdóttur, Þór Túlínus, Björn Jörund og Halldór Gylfason.

„Það sem býr undir þessari kvikmynd er hræðsla við barn-eignir,“ segir Elvar. „Þegar hug-myndin var að fæðast ímyndaði ég mér að mér þætti myndin ekki nógu spennandi nema hún hefði

þennan undirtón.

Ég fékk félagi minn til að skrifa hluta af handritinu með mér og hann upplifði það þegar hann eignaðist barn, að þá fæddist það í belgnum. Úr því að ég hef sjálfur verið viðstaddur fæðingu dætra minna rennur í gegnum huga minn hugsunin um hvað fæðingar séu skrytnar og manns-líkaminn almennt.“

Elvar vísar þá í frumraun Davids Lynch, hina víðfrægu

Eraserhead, sem fjallar í grunninn um hræðslu við kynlíf og spennu vegna barneigna. Elvar tekur undir það með blaðamanni að máttur góðra hryllingsmynda sé oft falinn í að endurspeglar eða varpa ljósi á mannlegar tilfinningar, sem búa í hvaða skepnu eða afli sem persónur mæta. Segir kvikmyndagerðarmaðurinn að það hafi verið meðvitað að segja sögu um konu sem verður skyndilega ólétt og verður þá fjandinn laus vegna alls konar spennu og geti margir mjög auðveldlega tengt við það.

### Skilnaður, leiðsögn og búddismi

Aðspurður um skilnaðinn segir Elvar að ferlið hafi tekið á, eins og eðlilegt sé, en þegar aðstæður voru sem erfiðastar hvíldi á honum sú bölvun að vera í nálægð við fyrirverandi spúsu sína hvert sem hann fór.

Hann segir þetta hafa verið ákaflega súrrealískt og að á leið hans til útlanda hafi hann rekið augun í fimm mismunandi auglýsingar þar sem Vivian skaut upp

kollinum og segir Elvar það hafa verið eins og salt í sárið, á einmitt þeim tímamarki þegar hugurinn var sem mest að reyna að horfa fram á við frá fyrra lífi. „Þetta var svo furðulegt allt og mér leið eins og eitthvert afl væri að fíflast í mér,“ segir Elvar.

Í kjölfar skilnaðarins ákvað Elvar að kúpla sig frá kvikmynda-gerðinni tímabundið og sneri sér að leiðsögumannastarfi og hugleiðslu í anda búddisma. „Ég slysaðist í rauninni inn í búddismann og var fyrst, eins og eflaust fleiri, mjög efins með ferlið. Síðan um leið og ég fann þessa hugarró og var kominn í tengsl við tilfinningar og hugarfar sem var mér ókunnugt var kominn allt annar tónn í sjálfan mig,“ segir Elvar og varpar ljósi á það sem dró hann að því að gerast leiðsögumaður.

„Ég er mikið sagnfræðinörd og það fylgir svoltíð leikstjórastarfinu að vera góður að stýra eða leiðbeina stórum hópum. Þess vegna var það nokkuð magnað hvernig leiðsagnarstarfið sameinaði þetta tvennt og það er búið að vera æðislegt.“ ■

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

## ÁKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á [mt.is](http://mt.is) og í s: 580 4500

# Framtalskil 101

## Nokkur hagnýt atriði til að hafa í huga þegar þú fyllir út framtalið ■ Áttu rétt á afslætti?

Um mánaðamótin er runninn upp sá tími ársins þegar við þurfum að standa skil á skattframtali okkar. Frestur til að skila inn framtali er til 10. mars, en að vanda er hægt að sækja um viðbótarfrest. Með rafrænum skilum er oft leikur einn að skila framtalinu, en þó er mögulega ástæða til að staldra aðeins við og fara yfir framtalið. Kannski áttu rétt á ívilnun, kannski er vert að haka við eina ódýrustu tryggingu landsins og hvað er málið með húsaleiguna, þarf að gera grein fyrir henni á framtali eða ekki? Hér eru nokkur hagnýt atriði til að hafa í huga við framtalskil. Þessi listi er þó engan veginn tæmandi og DV hvetur skattgreiðendur til að nýta sér ítarlegar framtalsleiðbeiningar sem skatturinn hefur útbúið og finna má á slóðinni: [leidbeiningar.rsk.is](http://leidbeiningar.rsk.is)

### Afsláttur (skattaívilnanir)

#### Eyðublað RSK 3.05

Vissar aðstæður eða áfall í lífinu getur valdið auknum útgjöldum. Skatturinn tekur tillit til þess með svenefndum ívilnunum, eða lækkun á þeirri upphæð sem verður grundvöllur útreiknings á tekjuskatti og útsvari. Allar eiga þessar ívilnanir sameiginlegt að grundvallast á sérstökum aðstæðum eða áföllum sem geta haft mikil áhrif á gjaldþol fólks. Til að sækja um eftirfarandi ívilnanir þarf að fylla út umsókn RSK 3.05 á framtali.

#### 1 Framfærsla annarra

Ertu með foreldri, afkvæmi eða annan venslamann á framfæri því þeir geta ekki séð fyrir sér sjálfir? Þá gætir þú átt rétt á afslætti. Þetta á til að mynda við ef þú ert með barn á framfæri á aldrinum 16–21 árs sem er tekjulaust eða afar tekjulágt. Einnig getur þetta átt við ef þú ert með venslamann eða til dæmis foreldri á framfæri því viðkomandi stendur ekki undir eigin framfærslu. Hámarkslækkun vegna framangreinds fyrir árið 2020 er 390.000 krónur, ef ungmenni hefur engar tekjur haft. Tekjur ungmenna skerða lækkunina að því sem nemur þriðjungu tekna þeirra og fellur þessi réttur niður ef tekjur ungmennis voru yfir 1.170.000 á árinu 2019.

#### 2 Eignatjón

Ef þú hefur orðið fyrir því óláni á síðasta ári að lenda í verulegu eignatjóni sem þú hefur hvergi getað fengið bætt, þá gæti það orðið grundvöllur skattafsláttar. Skilyrðið er að eignatjónið hafi átt sér stað á framtalsárinu, það hafi ekki fengist bætt frá tryggingum eða öðrum aðilum og að um verulegt eignatjón sé að ræða.

#### 3 Veikindi og slys

Ef veikindi, slys, andlát eða ellihörleiki hafa valdið miklum útgjöldum eða með öðrum hætti valdið verulega skertu gjaldþoli þá gæti ívilnun komið til álita. Þá er verið að horfa til þess kostnaðar sem þú hefur sjálfur greitt og er umfram það sem getur talist til venjulegs kostnaðar vegna til dæmis lyfja og læknisheimsókna. Eins geta þeir sem eiga langveik börn eða börn með fötlun sem veldur verulegum útgjöldum átt rétt á afslættinum.

#### 4 Tapaðar kröfur

Ef framteljandi tapaði útstandandi kröfum, ótengdum atvinnurekstri, á árinu þá gæti það orðið grundvöllur lækunar. Til dæmis ef framteljandi lánaði kunningja peninga en tapaði kröfunni vegna gjaldþrots lántaka. Eða ef framteljandi var ábyrgðarmaður á láni og á ekki endurkröfu á lántaka.

### Ungmenni í námi

#### Liður 1.3 á framtali

Ef þú ert með ungmenni á framfæri, sem er í námi, þá getur það gefið þér tilefni til að sækja um ívilnun. Hér er aðeins átt við lán sem ekki er lánshæft. Þetta úrræði skerðist svo eftir tekjum ungmennis og fellur niður að fullu ef tekjur ungmennis voru yfir 1,17 milljónir á síðasta ári. Tilgreina þarf nafn skóla á framtali og tilgreina

tekjur ungmennis í dálk 528. Til að sækja um þetta úrræði er grundvallaratriði að framtali ungmennis hafi þegar verið skilað. Það nægir að annað foreldri sækji um, en ívilnunin skiptist á milli framfærenda.

### Ódýr slysa-trygging

Hakar við reit á framtali eða breytir í stillingum á þjónustusíðum RSK.

Á framtali er hægt að óska eftir slysaþryggingu við heimilisstörf. Það kostar aðeins 550 krónur. Með slíkrri tryggingu getur framteljandi tryggt sér rétt til bóta almannatrygginga vegna slysa við heimilisstörf, eða sama rétt og vegna vinnuslysa. Slíkar bætur geta falist í slysaþryggingum, greiðslu sjúkrakostnaðar eftir ákveðnum reglum, örorkubætur ef slys leiðir til örorku og dánarbætur ef slysið veldur dauða innan tveggja ára frá slysdegi. Slysaþryggingin gildir aðeins ef framtali er skilað tímalega.

### Gjafir

#### Liður 2.3.6 á framtali

Ótrúlegt en satt þá eru gjafir skattskyldar tekjur í augum skattsins. Að sjálfsögðu eltist skatturinn þó ekki við hefðbundnar afmælis- og jólagjafir, eða með öðrum orðum þá eru hefðbundnar tækifærisgjafir undanþegnar skattlagningu, ef verðmæti þeirra er ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir.

### Vinningar í veðmáli eða keppni

#### Liður 2.3.6 á framtali

Slíkir vinningar eru skattskyldir, nema þeir séu sérstaklega undanskildir skattskyldu með lögum en slíkt á til dæmis við um vinninga í Lottó.

### Vinna við eigin íbúðarhúsnæði á vinnutíma

#### Liður 2.3.6. á framtali og Húsbyggingarskýrsla RSK 3.03

Ef þú varst að vinna við eigið húsnæði á hefðbundnum vinnutíma þá telst það til tekna og þarf að gera grein fyrir slíkrri vinnu á framtali. Sama á við um skiptivinnu, gjafavinnu og eigin vinnu við aðrar fasteignir en íbúðarhúsnæði, til dæmis sumarhústað. Vinna við eigin íbúðarhúsnæði sem fer fram utan hefðbundins vinnutíma er hins vegar skattfrjálst.

### Kaup og sala eigna

#### Fyllt út með eyðublaði RSK 3.02.

Varstu að kaupa og/eða selja eignir árið 2019 án þess að það tengdist atvinnurekstri? Þá þarftu að fylla út eyðublað 3.02. Söluhagnaður af bæði lausafé og fasteignum er skattskyldur, nema í þeim tilvikum þar sem eignanna var ekki aflað gagnert í þeim tilgangi að hagnast. Ef þú ert að selja fasteign innan tveggja ára frá því að þú keyptir hana þá er hagnaður af sölu hennar skattskyldur. Hagnaður verður þá skattlagður eftir reiknireglum um fjármagnstekjuskatt.

### Greidd leiga

Fyllt út með greiðslumiða RSK 2.02

Í framtali er hægt að gera grein fyrir þeirri leigu sem þú hefur greitt til leigusala á árinu. Þetta er mikilvægt að gera ef þú ert á eða að fara að taka námslán þar sem greiðslumiðinn veitir sönnun fyrir því að þú sért á leigumarkaði. Með greiðslumiðanum er einnig hægt að samkeyra þær upplýsingar sem þú gefur upp við upplýsingar sem leigusali gefur upp á framtali, svo ekki sé um svartar óuppgefnar leigugreiðslur að ræða.

### Leigutekjur

Eyðublað RSK 3.25 og reitur 510 á framtali, nema um skammtímaútleigu á gistirými, s.s. Airbnb, sé að ræða, í þeim tilvikum skal færa tekjur í reit 511 á framtali eða á rekstrarblöð.

Ef þú leigðir út íbúðarhúsnæði, sem fellur undir húsaleigulög og leigjandi býr í, þá skaltu færa brúttótekjur í reit 510 á framtali. Af þeirri fjárhæð teljast þó aðeins 50 prósent til tekna en hin 50 prósentin eru skattfrjáls. Síðan þarf að gera grein fyrir tekjunum á eyðublaði RSK 3.25.

Ef um Airbnb er að ræða þá þarf að gera grein fyrir þeim tekjum í reit 511.

Ef þú ert leigusali en ert einnig sjálfur að leigja húsnæðið sem þú býrð í þá geturðu talið leigugjöld þín frá leigutekjum. Þessi mismunur skráist í reit 510. Neikvæður mismunur færir ekki á framtali.

Ef þú leigir út þrjár íbúðir eða fleiri þá er um atvinnurekstur að ræða og þú þarft að færa starfsemina inn á rekstrarblað RSK.

### Ný sambúð

#### Fyllt út með eyðublaði RSK 3.27

Ef þú skráðir þig í sambúð á síðasta ári þá færðu stjórnmerkingu við fjölskyldumerkingu á forsíðu framtalsins. Ef þú færð slíka stjórn þá þarftu að fylla út eyðublað RSK 3,27 og gera grein fyrir upphafsdegi sambúðar samkvæmt Þjóðskrá og hvort, ef skilyrði eru uppfyllt, óskað er eftir samsköttun. Ef þú varst áður einstætt foreldri og varst að hefja sambúð með öðrum en hinu foreldri barns þá heldur þú áfram réttinum til að fá barnabætur sem einstætt foreldri í ár.

### Ef vinnuveitandi fór í prot

#### Liður 1.4 á framtali

Ef vinnuveitandi þinn fór í prot á árinu og þú átt inni launagreiðslur þá getur þú gert grein fyrir þeim undir lið 1.4 á framtali. Launin eru ekki færð til tekna. Hafir þú fengið greiðslur frá ábyrgðarsjóði launa þarf þó að gera grein fyrir þeim sem tekjum.

### Eitthvað óskýrt?

Starfsfólk skattsins býður upp á þjónustu mánudaga til fimmtudaga frá 09.00–15.30 meðan á framtalsfresti stendur. Þú getur haft samband í síma 442-1414. ■





# Veislur framundan

28. febrúar 2020

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



FORMAL STÚDENTSHÚFUR:

## „Lækkuðum verð um 40%“

Fyrirtækið Formal Stúdentshúfur var stofnað árið 2008 af þremur nýstúdentum sem fannst verð á útskriftarhúfum alltof hátt og að tími væri kominn á virka samkeppni á þessum markaði, en áratugum saman sat sama fyrirtækið að öllum markaðnum án nokkurrar samkeppni.

Formal kom eins og ferskur andblær inn á markaðinn og lækkaði strax verð á útskriftarhúfum um 40% og var því vel tekið af útskriftarnemendum. Síðastliðin 12 ár höfum við því veitt samkeppnisaðilum okkar mikið aðhald og haldið niðri verði á þessum mikilvæga lið hvernar útskriftar. Formal hefur alla tíð verið leiðandi á markaðnum þegar kemur að vörunýjungum tengdum útskriftarhúfum. Áður hafði einungis verið seld ein útfærsla af stúdentshúfum, en með tilkomu Formal gátu útskriftarnemar fengið ártalshnappa í húfurnar, nafnabróðeringu í húfukoll, útskriftarglós með nafni og margt fleira til þess að gera útskriftarhúfuna að enn fallegri og eigulegri grip. Einnig bjóðum við upp á barmmerki flestra skóla, sem hægt er að næla í húfu eða barm.

Að sögn Ingimars Ísakssonar, eins eigenda Formal, „þá er stærsta breytingin sem við höfum gert á útskriftarhúfunum að styrkja hana að ofan þannig að hún haldi lögun sinni og sitji fallegar á höfði útskriftarnema. Eftir að hafa skoðað hundruð ljósmynda af útskriftarnemum, var húfan oftast en ekki mjög aflöguð og krumpuð á höfði nemenda sem okkur fannst mjög óspennandi. Það vildum við laga og bæta. Þessi breyting

hefur mælst mjög vel fyrir hjá útskriftarnemum og er þessi lögun húfunnar orðin sérstáða okkar. Áætlað er að um 3.000–3.500 nemendur útskrifist í vor úr hinum ýmsu menntaskólum um land allt. Með húfu frá Formal mun útskriftarnemandinn því líta vel út á öllum þeim fjölda ljósmynda sem alla jafna eru teknar á þessum ánægjulega degi.“

Formal býður upp á allar gerðir útskriftarhúfa sem notaðar eru á Íslandi. Húfan er framleidd eftir íslenskrri hönnun og er mikið lagt upp úr þægindum, efnisgæðum og saumaskap. „Húfurnar koma í 14 stærðum og eru í grunninn eins gerðar, með mismunandi lituðum kollum. Vinrauðir kollar fyrir iðnnema, fjólubláir fyrir Keili, gráir kollar fyrir starfsbraut og hvítir fyrir stúdent. Að okkar mati á að vera hægt að nýta húfurnar oftast en einu sinni og oftast en tvisvar. Sumir fara í fleiri en eitt útskriftarnám og í mörgum tilfellum samnýta systkini húfurnar. Sáraeinfalt er að skipta út húfukollum í stað þess að kaup nýja húfu, og við bjóðum upp á slíka þjónustu fyrir okkar viðskiptavini.“

Formal býður upp á sérstaka pakka þegar kemur að kaupum á útskriftarhúfum. Bronspakki, Silfurpakki, Gullpakki og Platinumpakki. Pakkarnir innihalda allir útskriftarhúfu og mismikið af skemmtilegum aukahlutum sem gera útskriftardaginn enn eftirminnilegri. „Ódýrasti pakkinn hjá okkur er Bronspakinn sem kostar 8.490 og svo hækka pakkarnir í verði eftir því sem fleiri aukahlutum er bætt við. Svo eigum við að sjálfsögðu útskriftarhúfur á lager fyrir þá sem eru á síðustu stundu að



ákveða sig hvort þeir vilji húfu eður ei. Við getum útvegað húfu með allt að klukkustundar fyrirvara, en ef fólk vill láta bróðera í kollinn tekur það aðeins lengri tíma.“

Við svörum fyrirspurnum og tókum við pöntunum einstaklinga og hópa á vefsíðu okkar formal.is, í tölvupósti: formal@formal.is, á Facebook síðu okkar eða í síma 555-7600 og auk þess erum við með verslun í Sundaborg 5, en opnunartíma er hægt að sjá á vefsíðu okkar. Einnig er hægt að



Ingimar Ísaksson

finna okkur á Facebook-síðunni: Formal stúdentshúfur og á Instagram @studentshufur.





PING PONG:

# Tómstundataëkin í Ping Pong eru frábærar fermingargjafir

Eitt það jákvæðasta sem fólk sér við þessi tæki er að þau fá krakkana frá tölvuskjánum og til að hreyfa sig," segir Sigurður Valur Sverrisson, eigandi verslunarinnar Pingpong.is en þar er mikið úrval af klassískum tómstundataëkjum, til dæmis framúrskarandi pílukastsvörur og borðtennisbúnaður. Enn fremur fæst þar allur búnaður fyrir billjard,

snóker og pool. Mörg af þessum tækjum henta vel í bílskúrinna eða sumarbústaðinn og þeim fylgir allt sem þarf til að stunda þessa leiki, svo sem spaðar og kjuðar.

## Gjafabréf fyrir drauminn

Margir eiga sér þann draum að vera með borðtennisborð, fótboltaspil eða poolborð í kjallaranum. Þá er fátt tilvaldara en að gefa slíkum

einstaklingum gjafabréf með verðupphæð að eigin vali frá Ping Pong í fermingargjöf. Til þess að kaupa gjafabréf er nóg að mæta í Síðumúlann eða hafa samband við okkur í síma 568-3920 eða 897-1715. Einnig má senda vefpóst á pingpong@pingpong.is.

Pingpong.is er til húsa að Síðumúla 35 (gengið inn að aftanverðu). Verslunin er opin

virka daga frá kl. 12:30 til 18:00. Símanúmer er 568-3920 og 897-1715 og netfang pingpong@pingpong.is. Vefsíða er á slóðinni pingpong.is.

Hér gefur að líta nokkur dæmi um frábærlega skemmtileg tómstundataëki úr Pingpong sem væru fullkomnar fermingargjafir, en það er um að gera að koma í búðina og skoða úrvalið betur.



Körfuboltaspjöld. Verð frá: 56.800 kr. m/vsk og upp.

Poolborð. Verð frá: 101.200 kr. m/vsk.



Dú hittir svo sannarlega í mark með þyðkiborði! Þyðkiborð mini. Verð frá: 11.990 kr. m/vsk. Þyðkiborð stór. Verð frá: 96.927 kr. m/vsk.



Borðtennisborð í bílskúrinna eða sumarbústaðinn. Verð frá: 33.557 kr. m/neti.



Píluspjöld á breiðu verðbili. Verð frá: 8.750-38.800 kr.



Nú er frísbílgolfvelli að finna út um land allt. Fullkomið í ferðalagið. Frísbí-golfsett Verð frá: 5.400 kr. m/vsk.



Stórskemmtileg fótoltaspil. Körfuboltaspjöld. Verð frá: 56.800 kr. m/vsk og upp.



MI ICELAND:

# Glæsilegar fermingargjafir frá Mi Iceland!

**M**i Electric Scooter er eitt vinsælasta rafmagnshlaupahjól í heiminum í dag. Hjólið er sterklega byggt enda búið til úr sams konar áli og notað er í flugvélar! Það inniheldur öflugan rafmagnsmótor sem kemst allt að 25km/klst hraða og með öflugra rafhlöðu sem skilar 30 km drægni á sléttum jarðvegi. Mi Electric Scooter er hin fullkomna fermingargjöf sem mun nýtast vel í sumar.

## Frábær snjallúr frá 9.990 kr!

Hjá Mi Iceland færðu fjölbreytt úrval snjallúra. Hvort sem þú vilt fylgjast með skrefum dagsins, athuga púlsinn, fylgjast með hjartslættinum eða bara hoppa með úrið í sund þá ættir þú að finna rétta úrið hjá Mi Iceland. Verð frá 9.990 kr.

**Mi Note 10** pakkar fimm myndavélum sem hver og ein hefur sitt fram á að færa – meðal annars 108MP myndflögu. Ekki nóg með það heldur kemur síminn með risastórri 5.260mAh rafhlöðu sem endist auðveldlega í tvo daga í mikilli notkun. Hvort sem þú ert



atvinnuljósmyndari eða að stíga inn í fullorðinsárin, þá viltu ekki láta þetta tryllitæki framhjá þér fara!

## Þráðlaus heyrnartól frá 8.990 kr!

Hjá Mi Iceland finnur þú fjölbreytt úrval heyrnartóla sem henta vel fyrir æfingar, útihlaup eða bara hversdagsnotkun. Frábær viðbót í fermingarpakkann því hver vill snúru árið 2020?

**Mi Iceland** er með verslun í Síðumúla 23 ásamt vefverslun á [mii.is](http://mii.is) sem sendir fritt hvert á land sem er. Fleiri hugmyndir að flottum fermingargjöfum á [mii.is](http://mii.is)



LUX VEITINGAR:

# Svo miklu meira en bara veislupjónusta!

**V**eislu og veitingaþjónustan Lux veitingar var stofnuð af þeim Hinriki Lárussyni og Viktori Erni árið 2018. Lux veislupjónusta sérhæfir sig í fyrsta flokks veitingum og veisluhaldi fyrir hin ýmsu mannamót svo sem brúðkaup, einkaveislur, árshátíðir, fermingar, útskriftir og margt fleira. „Góð veislupjónusta þarf að gera ýmislegt fleira en að framreiða góðan mat og okkar aðalsmerki eru lúxus, gæði og góð þjónusta. Við hjá Lux veitingum erum þekktir fyrir að stíga út fyrir kassann til þess að uppfylla nær alla villtustu drauma viðskiptavina okkar. Þú getur treyst því að við hugsum fyrir hverju einasta smáatriði.“

Saman getum við töfrað fram draumaveisluna þína, því hver veisla er einstök og sérsniðin að hverjum viðskiptavini fyrir sig,” segir Viktor. Hjá Lux Veitingum starfar úrvalslíð kokka og matreiðslumeistara og þess má geta að tveir meðlimir í kokkalandslíðinu starfa hjá veitingaþjónustunni. Það eru þeir Ísak Aron Jóhannsson og Ísak Darri Þorsteinsson.

## Ekkert er ómögulegt!

Senn rennur tími ferminga og útskrifta í garð. Sama hvert tilefnið er þá vitum við að þín veisla á skilið það besta. Á vefsíðu Lux veitinga er hægt að panta ýmist tilbúna veislur, samsetta matseðla eða velja saman ýmsa smárétti. Þá eru meðal annars tilbúnir fermingarmatseðlar sem og fyrir útskriftir. Einnig er tekið á móti séróskum í síma 852-6757 eða í tölvupósti [veitingar@luxveitingar.is](mailto:veitingar@luxveitingar.is). „Við eldum matinn á staðnum sem tryggir ferskleika matarins. Þá getum við sett upp fullbúið eldhús hvar sem er og reitt fram ógleymanlega veislu, sama hvort þemað er látlaus steikarveisla í óbyggðum eða smáréttahlaðborð í borðstofunni þinni – ekkert er ómögulegt!“

## Sælkerabúðin

Sælkeraverslun á vegum Lux Veitinga verður opnuð í lok apríl næstkomandi. „Verslunin mun bera

nafnið Sælkerabúðin og er ætlunin að selja þar ýmiss konar „gúrmei“ sælkeravörur. Á staðnum verður kjötborð þar sem hægt verður að velja ýmislegt gómsætt í matinn. Þá munum við leggja áherslu á gott úrval af girnilegu meðlæti. Ýmislegt ljúffengt verður á boðstólum eins og grillað brokkolini, saltbökuð seljurót og fleira. Einnig munum við bjóða upp á úrval osta sem og ýmislegt annað góðgæti.“

## Sælkerapakkar fyrir matarboðið

Sælkerabúðin mun bjóða upp á spennandi nýjung þar sem hægt verður að panta sérstaka sælkerapakka. „Viðskiptavinurinn pantar þá hjá okkur matarpakka með öllu sem þarf til þess að halda dýrindis matarboð fyrir fyrirfram ákveðinn fjölda gesta. Hægt verður að fá matarpakka t.d. fyrir tvo í rómantískan kvöldverð eða fleiri ef um er að ræða matarveislu.“ Við hvetjum alla til að fara inn á [saelkerabudin.is](http://saelkerabudin.is) og skrá sig á póstlistann hjá okkur til þess að fá 2.000 kr. inneign á fyrstu pöntuninni á sælkerapakka frá Lux Veitingum.

## Spennandi námskeið á vegum Lux

Inn af Sælkerabúðinni verður svo fullbúið heimiliseldhús með nýlegum eldhústækjum. „Þar er ætlunin að halda ýmis skemmtileg og fræðandi matreiðslunámskeið fyrir allt að 10–12 manna hópa. Þetta er t.d. stórsniðugt fyrir fyrirtæki til að halda starfsdaga eða samhristinga. Ef fólk hefur áhuga á að panta námskeið eða sælkerapakka hjá okkur er um að gera að fylgjast með Lux Veitingum á Facebook. Þar munum við auglýsa nánar hvers kyns námskeið verða í boði.“


Lux Veitingar, Bitruhálsi 2, 110 Reykjavík.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni [luxveitingar.is](http://luxveitingar.is) eða á Facebook-síðunni: Lux Veitingar Sími: 852-6757

Tölvupóstur: [viktor@luxveitingar.is](mailto:viktor@luxveitingar.is) Instagram: @luxveitingar



Viktor til vinstri og Hinrik til hægri.





SELFIE.IS:

# Myndar gleðina í þinni veislu!

Ljósmyndabox eru sífellt algengari sjón við hvers kyns tilefni. Afmæli, fermingarveislur, brúðkaupsveislur, skólaböll, árshátíðir og margt fleira. „Fólk er að átta sig á hvað þetta er sniðug viðbót í veisluna. Ekki skemmir fyrir að kostnaðurinn kemur skemmtilega á óvart, því þetta er alls ekki dýrt, en afraksturinn er aftur á móti ómetanlegur. Það myndast skemmtileg stemning og eftirvænting í kringum kassana sem erfitt er að toppa. Þegar mynd er tekin, er í boði fyrir þá sem eru á myndunum, að láta senda sér í sms, tölvupósti, nota QR kóða eða fá myndina útprentaða þegar leigður er prentari með myndaboxinu. Leigutakinn fær allar myndirnar og Selfie geymir myndirnar í tvö ár. Í lok viðburðar er því til fullt af skemmtilegum myndum sem gaman er að fletta í gegnum og minnst góðra stunda,“ segir Ægir, annar eigenda Selfie.is.

## Bestu mögulegu myndgæði

Selfie.is býður upp á fjölbreytt úrval af myndaboxum með mismunandi útlit sem passa í margs konar veislur. „Við leggjum mikla áherslu á mikil myndgæði og notumst eingöngu við hágæða ljósmyndavélar frá Canon. Einnig notum við hágæða stúdíóljós frá virta svissneska framleiðandanum Elinchrom sem skilar sér í fullkominni lýsingu á myndunum og bestu mögulegu myndgæðum sem völ er á. Myndaboxin frá okkur skila því skýrum og flottum myndum. Við bjóðum einnig upp á myndabox

þar sem iPad tekur myndirnar eins og t.d. Selfie hringurinn.“ Á meðan myndaboxin eru í leigu erum við alltaf á vaktinni og hægt að hringja í okkur. Öll myndaboxin eru til sýnis á heimasíðunni selfie.is með stjörnugjöf sem segir til um gæði myndaboxanna.

## Fáðu prentara með myndboxinu

Selfie.is hefur sankað að sér yfir áttatíu mismunandi bakgrunnum og skemmtilegum leikmunum til þess að hressa upp á myndirnar. „Flottur bakgrunnur gerir myndirnar skemmtilegri og eftirminnilegri. Safnið okkar er sístækkandi og bakgrunnar okkar henta við hvaða tilefni sem er. Við erum með brons-, silfur- og gullpakka ásamt því að sérsníða pakka fyrir viðskiptavinum.“

Bronspakkinn inniheldur myndabox, uppsetningu og frágang.

Silfurpakkinn, sem er vinsælastur hjá okkur, inniheldur myndabox, bakgrunn og leikmuni.

Gullpakkinn inniheldur myndabox, bakgrunn, leikmuni, prentara og 100 myndir. Þá er hægt að fjölga myndunum í 700 með litlum viðbótarkostnaði.

Hjartaboxið með prentara og leikmunum.

## Selfie myndabox í fermingarveisluna

Myndaboxin verða sífellt vinsælli í fermingarveislum sem og úskriftarveislum. „Það eru margir búnir að bóka hjá okkur myndabox í útskriftir og fermingar núna í vor. Svona box bætir töluverðu við hvaða veislu sem er, heldur uppi

stemningunni og svo er afraksturinn sá að maður á fullt af skemmtilegum myndum eftir á.“

## Gestabókin hefur aldrei verið svona flott

Stærri myndaboxin hafa það fram yfir þau minni að þau hafa möguleika á tengingu við ljósmyndaprentara sem prentar út allt að 700 myndir á staðnum. Selfie.is býður þá upp á gestabækur sem er afar sniðug viðbót í veisluna ef leigður er prentari. Gestabókin er með plastvasa sem myndirnar passa í og þarf því ekki að líma myndirnar í bókina. Þá þarf einungis að smella myndinni í og skrifa skemmtilega kveðju við myndina.

## Myndabox í kynningarskyni

Myndaboxin eru stórsniðug og skemmtileg lausn fyrir fyrirtæki til að nota í kynningarskyni. „Þá er vinsælt að halda viðburði og vörukynningar á vegum fyrirtækisins og leigja myndabox. Hægt er að setja lógó fyrirtækisins á myndirnar sem koma úr boxinu, starfsmenn og gestir deila myndunum á Facebook og Instagram og fyrirtækið verður sýnilegra á samfélagsmiðlum. Einnig hafa fyrirtæki verið að nýta sér myndaboxin í starfsmannamyndatökur, en þetta er mjög hentug lausn þar sem hægt er að velja úr myndum og myndirnar koma strax,“ segir Ægir.

Í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði! Selfie.is byrjaði árið 2018 að leigja út myndabox í veislur. „Upphaflega

vorum við staðsett í Reykjavík, með þrjú myndabox og nokkra bakgrunna, en þetta hefur stækkað hratt. Í dag erum við með fimmtán myndabox, yfir áttatíu bakgrunna og erum staðsett í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Því getum við þjónustað stóran hluta af landinu. Þá bjóðum við fólki einnig upp á að sækja til okkar gráa og klassíska myndaboxið og setja sjálft upp, t.d. ef um er að ræða veislur úti á landi. Þau myndabox eru með ljósmyndavél og stúdíóljós eins og stærri myndaboxin okkar, en eru leigð í helgarleigu, frá föstudegi til sunnudags (eða eftir samkomulagi) og því á sama verði.

## Klassíska boxið með prentara.

Heimasíðan okkar er einföld í notkun og hægt er að panta allt á henni. Við bjóðum fólki upp á að greiða með greiðslukorti, Netgíró, Pei, millifærslu eða að fá innheimtukröfu í bankann. Það er um að gera að tryggja sér myndabox í veisluna í tæka tíð því á seinasta ári voru margar helgar fullbókaðar. Við höfum fengið að taka þátt í að skapa minningar með fjölda fólks og erum komnir með fasta viðskiptavinum sem leigja aftur og aftur myndabox hjá okkur. Við leggjum okkur fram við að þjónusta okkar viðskiptavinum sem best.“

## Selfie.is – myndaðu gleðina með okkur

Sími: 519-3636

Tölvupóstur: selfie@selfie.is

Facebook: Selfie.is Myndabox

Instagram: Selfie.is



HLYNUR KOKKUR:

# Töfrahráefnið í góðri veislu

Á rúmu ári hefur veisluþjónustunni Hlyni kokki heldur betur vaxið fiskur um hrygg. „Ég byrjaði smátt og hef svo aukið við mig hægt og bitandi,“ segir Hlynur Guðmundsson. Eftir aðeins eitt ár í veisluþjónustubransanum er Hlynur kokkur á allra vörum, bókstaflega, enda hefur hann séð um gómsætan veislumat í fjölda einkaviðburða um land allt.

## Hlynur með syni sínum.

„Ég hef verið kokkur í yfir þrjátíu ár. Lengst af var ég kokkur á sjó og eftir það fór ég að starfa á ýmsum veitingahúsum í landi. Fyrir ári stofnaði ég veisluþjónustuna. Þetta er virkilega gefandi starf enda hittir maður margt skemmtilegt fólk, oftast en ekki við miklar hamingjustundir í lífi þess. Hingað til hef ég starfað við þetta svo til einn mín lífs, en þegar um stærri veislur er að ræða eins og stór brúðkaup eða útskriftarveislu, fæ ég til lífs við mig hjálparkokka. Eftir 30 ár í bransanum þekkir maður orðið margt fært matreiðslufólk.“

## Eftirspurnin eykst hratt

Veisluþjónusta Hlyns kokks sér um hvers kyns viðburði, stóra sem smáa, svo sem útskriftarveislu, fermingar, brúðkaup, fundi, smærri veislur, og margt fleira. Nú eru fermingarnar á næsta leiti og að sögn Hlyns er fólk

duglegt að panta veisluþjónustu með góðum fyrirvara. „Það er að verða ansi mikið bókað hjá mér í apríl, enda eru flestar fermingar þá. Einnig hef ég fengið fjölmargar pantanir fyrir hinar ýmsu veislur og viðburði í sumar og haust, og þá er ég farinn að bóka fyrir næsta ár. Það eru bara spennandi tímar fram undan og eftirspurnin eykst hratt.“

Vinsælustu réttirnir fyrir fermingarveislurnar eru að sögn Hlyns kjúklingasúpa og hinar ýmsu smáréttir, svo sem kjúklingaspjót og smáhamborgarar. „Borgarana er hægt að fá í margs konar útfærslu svo sem með nautalund, pulled pork, vegan og margt fleira.“

Við erum afar sveigjanleg og tökum að sjálfsögðu við öllum séróskum í mat. Við gerum ávallt okkar besta til að uppfylla óskir viðskiptavina okkar, enda er matur algert töfrahráefni í veislum. Góður matur er það sem dregur fólk saman á flestum okkar mikilvægustu stundum. Veisla án matar er eins og dansleikur án tónlistar.“

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Hlynur kokkur Hlynur tekur við pöntunum og fyrirspurnum í síma 854-6116 og í gegnum tölvupóst á [hlynurkokkur@gmail.com](mailto:hlynurkokkur@gmail.com) Bókanir fyrir árið 2020 og 2021 eru í fullum gangi!





REYKJAVIK NAILBAR:

# Geggjaðar nýjar naglavörur frá Light Elegance!

**R**eykjavik Nailbar and Beauty Lounge er lúxus snyrtistofa með nokkuð öðruvísi sniði en gengur og gerist hérlendis. „Fyrirmyndin kemur frá Los Angeles og við erum allt í senn heildsala með Light Elegance-naglavörur, naglaskóli, snyrtistofa og bjóðum einnig upp á LPG endermologie-nudd og námskeið í augnháralengingu,“ segir Hrafnhildur, sem rekur Reykjavik Nailbar ásamt Gísla.

## Nýjar og æðislegar naglavörur frá Light Elegance

Stelpur á Íslandi elska að vera með gelneglur í dag, enda eru neglurnar oft það sem setur punktinn yfir i-ið. „Það er bókstaflega allt í tísku þannig að fólk getur í rauninni hannað neglurnar algerlega eftir sínu höfði og sínum persónuleika. Þá er gríðarlegur fjölbreytileiki í skrauti, formi, lengd og litavali.“ Reykjavik Nailbar tók nýlega til sölu Light Elegance-naglamerkið. „Þetta eru virkilega flottar, hágæða naglavörur frá Oregon BNA sem hafa verið áberandi á markaðnum erlendis í 20 ár.

Sænski áhrifavaldurinn Celina Ryden, ein sú færasta í naglaheiminum í dag, er t.a.m. talsmaður merkisins. Þeir eru alltaf ferskir og fljótir að koma með spennandi nýjungar. Við erum þau fyrstu og einu á Íslandi til þess að flytja þessar vörur inn og fyrsta sendingin kom fyrir rúmlega mánuði. Light Elegance er greinilega að leggja vel í íslenskar stelpur enda flugu vörurnar hreinlega úr hillunum. Þess má geta að einkunnarorð þeirra eru We've got great Chemistry sem eru sko orð að sönnu.“

## Vantar fleiri karla í bransann

Reykjavik Nailbar and Beauty Lounge býður upp á afar vinsæl naglanámskeið þar sem notaðar

eru vörurnar frá Light Elegance. „Við bjóðum m.a. upp á hópnámskeið í gelnöglum. Einnig bjóðum við upp á einkanámskeið í gel og akrýl en tímasetning á þeim er eftir samkomulagi. Þar að auki erum við með masterclass fyrir þá sem eru lengra komnir.

Við fáum til okkar alls konar konur í námskeiðin. Sumar koma út af áhuga eða langar að gera neglur á vini og vandamenn. Aðrar vilja leggja þetta fyrir sig og opna sjálfar snyrtistofu í framtíðinni. Það sem mér finnst vanta í bransann hér heima eru fleiri karlmenn. Hann Gíslur okkar er líklega eini karlinn á Íslandi sem kann að gera neglur og ferst það virkilega vel úr hendi. Vonandi fáum við að sjá fleiri karlmenn í faginu, þeir eru nefnilega líka miklir listamenn.“

## Skráning í námskeið

Skráning er nú hafin í hópnámskeið í gelnöglum í síma 616-1229. Síðar verða auglýst masterclass-námskeið. Reykjavik Nailbar and Beauty Lounge verður svo með fullt af skemmtilegum og skrautlegum uppákomum á komandi mánuðum og því er um að gera að fylgjast með á Facebook: Reykjavik Nail Bar and beauty lounge.

## Gjafabréf í fermingargjöf

Það fer vart framhjá neinum að fermingarnar eru á næsta leiti. Gjafabréf í naglasnyrtin námskeiðin hjá Reykjavik Nailbar eru tilvalin fermingargjöf fyrir stelpur eða stráka sem hafa ástriðu fyrir nöglum. „Einnig erum við með ýmiss konar aðrar snyrtimeðferðir, snyrtivörur, naglavörur og fyrir þá sem elska að láta dekra við sig.“

## LPG fyrir heilsuna og útlitið

Reykjavik Nailbar and Beauty Lounge býður upp á hið frábæra

LPG endermologie-nudd. „LPG endermologie-nuddið er alger snilld fyrir unga sem aldna og hefur margvísleg áhrif á bæði heilsu og útlit. Það var ein sem kom til okkar um daginn og sagði eftir á að henni hefði ekki liðið jafn vel í skrokknum í 25 ár.

Nuddið gersamlega vekur líkamann með auknu blóðflæði. Það losar bólgur og vöðvabólgu en er einnig gott við gigt og verkjum. Það losar stíflur í sogæðakerfinu svo líkaminn fer að vinna betur við að losa sig við eitufeni og bjúg. Nuddið er einnig gott fyrir útlitið en það stinnir og þéttir húðina, vinnur á appelsínuhúð og erfiðum fíttusvæðum, örum, sliti og örvef. Andlitsnuddið eykur kollagen, elastín og hýalúrónsýru í húðinni, gefur ljóma, stinnir slappa húð og vinnur á finum línum.“

## Aukin þjónusta með snyrtimeðferðum

Ásamt naglanámskeiðum býður Reykjavik Nailbar upp á augnháralengingar og námskeið í augnháralengingum. Stofan hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því hún var opnuð í fyrra. „Við erum sífellt að breyta, bæta og stækka við okkur og nú erum við að klára að setja upp snyrtiherbergi þar sem hægt verður að komast í vax og ýmsar aðrar snyrtimeðferðir. Við erum virkilega ánægð í nýja húsnæðinu að

Nýbýlavegi 14. Húsið er stórglæsilegt og rúmar vel alla þá starfsemi sem við bjóðum upp á.“

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni [reykjaviknailbar.com](http://reykjaviknailbar.com) og Facebook-síðunni Reykjavik Nail Bar and Beauty Lounge.

Kauptu Light Elegance-vörurnar á vefversluninni [reykjaviknailbar.com](http://reykjaviknailbar.com) Fylgstu með okkur á Snapchat: [beautyfactory01](https://www.snapchat.com/add/beautyfactory01) og Instagram: [@reykjaviknailbar](https://www.instagram.com/reykjaviknailbar) Reykjavik Nailbar and Beauty Lounge er staðsett að Nýbýlavegi 14, Kópvogi. Sími: 772-0100 og 616-1229.







HÁGÆÐA RAFTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI Í FERMINGARGJÖF:

# Öflugasti sími í heimi væntanlegur í vefverslun

**P**au Harpa Dögg Magnúsdóttir og Victor Manuel Carreira Lagoa opnuðu vefverslunina Tunglskin í nóvember síðastliðinn og viðtökurnar hafa farið fram úr þeirra björtustu tunglskinsvönunum. „Við seljum nær eingöngu vörur frá raftækjaframleiðandanum Xiaomi, eða Mi eins og merkið er betur þekkt sem. Merkið er heimsþekkt fyrir framleiðslu á hágæða raftækjum á enn betra verði,“ segir Harpa.

„Maðurinn minn, Victor, er hugmyndasmiðurinn og heilinn bak við Tunglskin og starfsemi okkar. Hann vinnur við þetta dag og nótt og ég aðstoða hann við praktíska hluti. Hann starfaði m.a. á Spáni við innflutning á raftækjum og öðrum vörum. Þar kynntist hann meðal

annars vörunum frá Xiaomi sem er enn tiltölulega óþekkt vörumerki á Íslandi miðað við erlendis. Á Íslandi sá Victor möguleikann á að geta flutt inn og boðið upp á Xiaomi-vörurnar á verði sem hefur vart sést á íslenskum raftækjamarkaði. Hugmyndafræði Xiaomi er Gæðavörur á góðu verði og til þess að heiðra einkunnarorð þeirra gætum við þess að halda álagningu alveg í lágmarki. Það skilar sér einfaldlega í því að hvergi á Íslandi getur þú fengið hágæða raftæki á jafngóðu verði og hjá okkur.“

**Besti sími heims 100.000 kr. ódýrari en næstu þrír á topplistanum**

„Hugmyndafræði Xiaomi sést hvað best í því að nýjasti snjallsíminn frá þeim, Mi 10 Pro, fær toppeinkunn

fyrir myndavél, upptökubúnað og hljóð á DXO Mark, sem er vefsíða sem gerir samanburð á snjallsímum og myndavélum.

Xiaomi er því að bjóða upp á öflugasta símann á markaðnum í dag og ekki nóg með það, heldur er hann hátt í 100.000 krónum ódýrari en sambærilegir símar, sem eru þó sumir ekki í jafnmiklum gæðum. Að sjálfsögðu ætlum við að selja Mi 10 Pro og erum að biða eftir fyrstu sendingunni. Það er um að gera að fylgjast með okkur á Facebook því við látum vita þar hvencær von er á nýjum vörum. Þess má geta að við erum nú þegar með Mi Note 10 Pro til sölu hjá okkur, en sá sími er í fjórða sæti á DXO Mark-listanum og er ein af vinsælustu vörunum okkar í dag.“

**Fermingar- og útskriftargjafir**

Nú eru fermingar og útskriftir á næsta leiti og Tunglskin er með frábærar gjafir handa bæði fermingarbönum og útskriftarnemum. Nýlega opnaði Tunglskin sýningarrými að Skútuvogi 11 þar sem fólk getur komið að skoða og prófað Xiaomi-vörurnar. „Þá má prófa t.d. símana, rafhlaupahjólín og flest það sem er í boði á síðunni. Þetta hefur komið sér vel fyrir marga af okkar viðskipavinum.“

**Skoðaðu úrvalið á tunglskin.is eða komdu í heimsókn í sýningarrýmið að Skútuvogi 11.**

**Facebook: Tunglskin**

## Mi Note

**10 Pro-**snjallsíminn frá Xiaomi er ótrúlega fjölhæfur og einstakur sími sem hefur 5 myndavélar á



bakhlíð, hvern með sína einstöku eiginleika. Síminn er einnig frábær í sjálfmyndatökum. Þessi klikkar ekki í fermingarpakkann eða í útskriftargjöf. **81.990 kr.**

## Heimabíó sem vegur 1,3 kíló!

Mi Smart Projector Mini er einstakur og fallegur skjávarpi sem varpar allt að 200 tomma mynd. Þessi er afar fyrirferðarlítill, nettur og léttur. MIUI TV gefur að auki endalæsa möguleika á því að horfa á allt það myndefni sem í boði er í gegnum vefsíður og snjallforrit. **69.990 kr.**



## Xiaomi M365-rafhlaupahjólíð vegur

ekki nema 12,5 kíló og er framleitt úr aircraft-grade flugvélaáli. Hjólíð er samanbrjótanlegt og inniheldur öflugan 250W rafmagnsmótor sem tekur aðeins 5,5 klukkustundir að hlaða. Úrval aukahluta eins og flottir hjálmar, öryggislásar, sæti, símahaldarar og fleira. Einnig hægt uppfæra hlaupahjólíð með innbyggðu mælaborði til að sjá hraða, rafhlöðuhleðslu, lengd ferða, o.fl. Tunglskin er í samstarfi við OSS sem er eina sérhæfða viðgerðarþjónustan á Íslandi fyrir rafhlaupahjól og rafhjól frá Xiaomi. **47.990 kr.**



**Mi Smart Band 4** er nett, fallegt og vatnshelt snjallúr með fullt af nytsamlegum og skemmtilegum möguleikum. Hægt að tengja við Mi Fit Appið þar sem má fylgjast með og greina alla þá hreyfingu sem þú ert að stunda. Einnig hægt að tengja við símann, símtöl, skilaboð, tónlist o.fl. Úrið er með litaskjá og sterku gleri, kemur í svörtu en hægt er að kaupa aukaólar í nokkrum litum. **5.490 kr.**



**Mi AirDots Pro 2** þráðlausu heyrnartólin eru ótrúlega létt og nett. Nýstárleg tækni gefur tæran hljóð með HD gæðum og AAC codec. Einfalt að tengja við síma eða tölvu við fyrstu notkun, og eftir það tengjast þau sjálfkrafa þegar kveikt er á þeim. Minnkun umhverfishljóða er í fyrirrúmi sem skiptir miklu máli þegar um þráðlaus heyrnartól er að ræða. **11.990 kr.**



# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu



# Sérblað

28. febrúar 2020

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



RAFSTILLING:

## Startar öllu í gang

**R**afstilling ehf. er gamalgróið verkstæði sem sérhæfir sig í alternatora- og startaraviðgerðum. „Við flytjum inn og seljum nýja startara og alternatora, ásamt því að gera við og skipta um þá fyrir viðskiptavinum okkar. Einnig erum við með alla íhluti svo sem kapla og aðra fylgihluti með störturum. Við þjónustum alls staðar á landinu þar sem hægt er að starta einhverju í gang eða hlaða. Viðskiptavinir okkar eru hvort tveggja fyrirtæki og einstaklingar.

Þá þjónustum við mest verktaka, bændur og búalið eða aðila sem tengdir eru sjávarútvegnum,” segir Sigurjón Jónsson, eigandi fyrirtækisins.

### Reynsluboltar

Verkstæðið er með öll nauðsynleg tæki og tól til viðgerða og ísetninga á störturum og alternatorum. Allir viðgerðir hlutir eru prófaðir í prufubekk til að tryggja að allt sé í lagi. Þeim er einnig skilað hreinum og máluðum. „Við höfum áratuga

reynslu í viðgerðum fyrir einstaklinga og fyrirtæki enda er fyrirtækið búið að vera starfandi í meira en tuttugu ár. Starfsmennirnir hér eru að sama skapi flestir búnir að vera hér í um 10–15 ár og með gífurlega reynslu.”

Einnig flytur verkstæðið inn og selur sólarcellur í miklu úrvali fyrir húsbíla og hjólhýsi.

### Hraði og góð þjónusta

„Við leggjum áherslu á hraða og góða þjónustu og flytjum inn ýmis vörumerki sem tengjast okkar

þjónustu. Við erum bæði með vörur frá original framleiðendum og öðrum til þess að geta boðið viðskiptavinum okkar upp á fyrsta flokks þjónustu.”

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Rafstillingar, [rafstilling.is](http://rafstilling.is) Dugguvogi 23, 104 Reykjavík Sími: 581-4991 eða 663-4942 Netpóstur: [rafstilling@rafstilling.is](mailto:rafstilling@rafstilling.is) Facebook: Rafstilling





Myndir: Eybór Árnason

HEILSAN MÍN:

# Andleg og líkamleg vellíðan og heilbriggt útlit

**H**eilsan mín býður upp á fjölbreytt úval af heilsu- og fegrunarmedferðum. Irena Auður Pétursdóttir, eigandi stofunnar, er sérfræðingur í ristilmeðferðum og hefur veitt slíkar meðferðir í sjö ár. Fyrst starfaði hún hjá Heilsuhótel (Detox) á Ásbrú en nú hefur Irena opnað Heilsan mín í Hafnarfirðinum. „Ég hef orðið vitni að gríðarlegum árangri hjá meðferðaraðilum mínum. Fólk finnur jafnvel ótrúlegan mun á sér eftir fyrsta skiptið í ristilheinsun. Það talar um aukna orku, léttleika og almennt betra skap.“

## Ótrúlegur árangur af ristilmeðferðum

Ristillinn leikur stórt hlutverk í bæði meltingar- og ónæmiskerfinu. Hlutverk örvera í þörmunum er fjölbreytt og taka þær þátt í efnaskiptum, ónæmisviðbrögðum og brjóta niður eiturefni í líkamanum. Þessi ferli eru stór hluti af því að húð, lifur og önnur líffæri og líkamskerfi starfi á heilbrigðan hátt. Ristilmeðferðir eru hannaðar til þess að hreinsa út öll eiturefni sem safnast upp í líkamanum og gefa honum nýtt upphaf. „Við erum ekki bara að hreinsa ristilinn heldur hefur meðferðin töluvert viðfeðmari áhrif á líkamann allan. Við ristilmeðferð hreinsast ekki bara ristillinn heldur líkaminn allur sem og blóðrásin og önnur kerfi líkamans.“

## Afrakstur ristilmeðferða er marpættur:

- bætir virkni ónæmiskerfsins, ristilsins og annarra líffæra líkamans
- minnkar kólesterol í hjarta- og æðakerfinu
- gefur húðinni ljóma
- hjálpar til við þyngdartap
- hjálpar til við að vinna gegn orkuleysi og ofþreytu, þunglyndi og fleiru sem getur stafað af illa ræstum líkama

Heilsan mín er eina stofan á landinu sem býður upp á þessar afar áhrifaríku og einstöku ristilmeðferðir.

## HIFU Andlitslyfting án skurðaðgerðar

HIFU stendur fyrir „high intensity focused ultrasound“. HIFU er ómbylgjumeðferð þar sem notuð er sérhönnuð vél til að skjóta samþjöppuðum ómbylgjum djúpt niður í húðina sem hefur áhrif á húðlög og andlitsvöðva. HIFU eykur framleiðslu á kollageni og elastíni í húðinni og því afar áhrifarík meðferð í baráttunni gegn hrukkum og fínunum línunum í andliti. Meðferðin er svokölluð andlitslyfting án skurðaðgerðar og í mörgum tilfellum getur hún veitt fólk allt að 3–5 ára yngri útlit. Andlitið lyftist og andlitsdrættir skerpast, húðin verður sléttari og stinnari, hægt er að vinna á signum augnalokum sem og siginni höku.

## Nudd gegn kvíða og stressi

Heilsan mín býður upp á nokkrar gerðir af nuddmeðferðum, en nudd eykur blóðflæði í líkamanum, lagar efnaskipti og gefur aukna orku og ferskleika. Nudd getur hjálpað til við að vinna á stress- og kvíðavandamálum sem hjálpar til gegn svefnvandamálum. Heilsan mín státar af frábærum nuddara, henni Sangwan, sem kemur frá Tailandi. „Hún er sérfræðingur í tailensku og klassísku nuddi. Þeir sem hafa komið til hennar í nudd hafa verið himinlifandi enda veitir hún nuddmeðferð sem er sérsníðin að hverjum og einum. Þá greinir hún hvaða vandamál hrjá hvern og einn og nýtir þekkingu sína sem og tailenskar jurtir og olíur til þess að vinna á þeim í gegnum nuddið.“

Reiki er aldagömul óhefðbundin lækningameðferð sem japanski búddamunkurinn Mikao Usui fann upp og fullkomnaði. Meðferðin byggir á orkuheilun og reikimeistarar notast við tækni sem kallast handaheilun. Þá miðlar heilarinn alheimsorkunni gegnum hendur sér til þeirra staða í líkama meðferðaraðila þar sem orkunnar er þörf. Í reikispekinni er sársauka og kvillum lýst sem stíflaðri orku eða ójafnvægi. Þá vinna reikimeistarar í því að opna fyrir orkuna, afstífla og koma á jafnvægi til þess að heila meðferðaraðilann.



## Innrauð sána fyrir alla

Að stunda innrauð sánaböð hefur heimikinn heilsufarslegan ávinning. Í innrauðri sánu hitnar líkaminn af völdum innrauðra hitageisla sem hita líkamann upp á þægilegan máta. Bylgjurnar hita ekki upp rýmið í kringum heldur eingöngu líkamann og auka svitamyndun sem hjálpar líkamanum að losa sig við skaðleg eiturefni. Einnig hafa innrauðu geislarnir jákvæð áhrif á blóðþrýsting og getur í sumum tilfellum hjálpað í baráttunni gegn svefnleysi. Geislarnir ná um fjóra sentimetra ofan í húðina, sem er töluvert meiri og dýpri virkni en hefðbundin sána, sem nær eingöngu um fimm millimetra ofan í húðina.

**Pantaðu tíma í einhverja af þeim fjölmörgu heilsu- og fegrunarmedferðum sem Heilsan mín býður upp á, á vefsíðunni heilsanmin.com**

**Bæjarhraun 2, 220 Hafnarfjörður Sími: 852-2777**

**Fylgstu með á Facebook: Heilsan mín**



## BÓSAL INNFLUTNINGUR:

# Flytur inn hjólhýsi og vörubíla og allt þar á milli

**B**ósal ehf. er mest í innflutningi á hjólhýsum, húsbílum, vörubílum, vinnuvélum, vinnubílum, tengivögnum, rútum, fólksbílum, raf- og hybridbílum, jeppum og raun öllu í þessum geira. „Ég er í beinum samskiptum við marga af helstu framleiðendum og get boðið betri verð en umboðin í mörgum tilfellum. Til dæmis eru hjólhýsin frá mér um 700.000–1.400.000 krónum ódýrari en hjá umboðunum. Í vörubílum og lúxusbílum getur munað nokkrum milljónum. Ég get pantað flestar gerðir af nýjum MAN og Mercedes-Benz vörubifreiðum sem og fólksbifreiðum,“ segir Bóas Eðvaldsson hjá Bósal.

Bóas hefur verið í bransanum í hátt í 25 ár. „Ég bjó lengi í Danmörku og Þýskalandi og kom heim 2009. Þá höfum við kona mín búið á Seyðisfirði og rekum þar einnig tvö gistiheimili, Studioguesthouse og Nordmarina guesthouse, svo að við höfum nóg pláss fyrir gesti og viðskiptavinum.“

„Til gamans má geta þess þar sem að snjóar nánast daglega hér í vetur þá verð ég að grobba mig aðeins að MAN-vörubifreiðarnar 8x8, sem rutt hafa einn erfiðasta fjallveg á landinu, Fjarðarheiðina á milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða, með góðum árangri

í mörg ár eru sérpantaðir hjá okkur. ÞS verktafar, Þróstur Stefánsson var með bláan MAN sem mokaði heiðina í um 10 ár og svo keypti Ylur á Egilsstöðum, Sigbór Halldórsson, nýjan MAN hjá mér í fyrravetur sem ryður nú sinn annan vetur. Sá bíll er rauður og sést ágætlega í snjónum oftast nær. Ég sérpantaði einnig einn öflugasta snjómokstur bíl landsins, Mercedes-Benz 8x8, fyrir Haka í Neskaupstað, Svein Einarsson, sem ruddi Oddskarðið, milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar, í tíu ár. Oddskarðið er mjög erfiður fjallvegur en sem betur fer eru komin flott göng í dag sem er bylting fyrir Norðfirðinga og fyrir okkur Austfirðinga alla. Síðan hafa farið snjóruðningsbilar frá okkur á Vopnafjörð, Raufarhöfn, Akureyri, Patreksfjörð, Hólmavík og víðar.“

### Hjólhýsasumar 2020

Fólk er þegar byrjað að panta hjólhýsi og húsbíla fyrir sumarið og Bóas mælir með að það sé gert fyrr en seinna til að fá þann búnað sem fólk vill. „Ég get útvegað bíla og hjólhýsi með stuttum fyrirvara, eða allt að tveggja vikna fyrirvara, en þá er um standard eða lagervöru að ræða sem er oft á tíðum ekki með

þann búnað sem hentar íslenskum aðstæðum 100%. Ég er mjög mikið í því að sérpanta hjólhýsi og húsbíla með aukabúnaði eins og betra miðstöðvarkerfi, sterkari öxla og stærri eða sterkari dekk og margt fleira sem hentar betur fyrir íslenskar aðstæður.

Burðargeta hjólhýsa er mjög lítil í standard húsi og húsin oft fulllestuð þegar gaskútar og annar útilegubúnaður er komin í þau. Þar af leiðandi getur verið meira um sprungin dekk og önnur vandamál. Það getur verið erfitt að fá hjólhýsi af lager með þeim búnaði sem Íslendingar vilja, enda að miklu leyti framleidd fyrir lönd þar sem ekki þarf að hugsa um vonda vegi eða kulda á íslenskum sumarnóttum. Þá er sjaldnast um að ræða 12 volta rafgeymakerfi í húsum erlendis. Það eru því þónokkur atriði sem þarf að huga að við kaup og pöntun á hjólhýsum og bílum.“



### Fáðu afhent fyrir austan, sunnan eða erlendis

Afhendingarmöguleikar á öllum vörum frá Bósal eru mismunandi eftir því sem hentar hverjum og einum. „Ég get ýmist afhent fyrir austan, sunnan, norðan eða vestan, jafnvel erlendis ef það hentar frekar. Margir af okkar viðskiptavinum byrja sumarfríð hér fyrir austan. Einnig hef ég afhent viðskiptavinum hjólhýsi og bíla erlendis á númerum til að byrja fríð þar og koma svo með Norrænu heim. Ég reyni eftir bestu getu að veita góða þjónustu og flestir viðskiptavinir eru, að ég held, afar sáttir.“

### Nánari upplýsingar á vefsíðunni bosal.is

Fylgstu með á facebook: Bósal innflutningur  
Bósal, Hafnargötu 28, 710  
Seyðisfirði  
Sími: 777-5007





AMAZING WESTFJORDS:

# Hvalaskoðun, sjóstangveiði og ægifegurð Ísafjarðardjúps

Ölver er 77 tonna stálbátur sem siglir frá Ísafirði með farþega í hvalaskoðun og við köllum þetta náttúrulífsferðir. Náttúran í Ísafjarðardjúpi er afar heillandi og við sjáum til dæmis eyjarnar Vigur og Æðey, svo er það fjallahringurinn og sagan í Djúpinu. Við leggjum áherslu á góða leiðsögumenn sem tala bæði ensku og íslensku og fræða farþega um söguna hér," segir Ragnar Ágúst Kristinsson, annar eigenda hins nýstofnaða ferðapjónustufyrirtækis Amazing Westfjords. Ísafjarðardjúpið er afar fýsilegur staður til að skoða dýralíf, eins og hval (hnúfubak), fugla og seli. „Nemandi í haf- og strandveiðastjórnun sem starfar hjá okkur sem leiðsögumaður taldi að allt að 70–80 hnúfubakar væru í Djúpinu síðasta sumar og oft eru

6 til 10 hvalir í kringum okkur í einu. Það spillir ekki fyrir að það er mikil veðursæld á þessu svæði," segir Ragnar og bætir því við að maður upplifi náttúruna og náttúrufegurð svæðisins frá allt öðru sjónahorni þegar hennar er notið af sjó.

Mikill meirihluti farþega í hvalaskoðunarferðunum er erlendir ferðamenn og margir þeirra koma frá skemmtiferðaskipum. Hér er hins vegar um mjög góða afþreyingu og upplifun fyrir Íslendinga að ræða og frábært tækifæri til að kynnst náttúrufegurð Vestfjarða. Ferðirnar er hægt að bóka beint á vefsíðunni amazing-westfjords.is. Að sögn Ragnars verður boðið upp á tvær tveggja og hálf tíma ferðir á dag alla daga vikunnar í sumar, frá 15. maí og út september á Ölver.

Gaman er að segja frá því að báturinn Ölver, sem byggður var

sem fiskibátur árið 1990 en var breytt í farþegabát árið 2017, dregur nafn sitt af einum af vættum Ísafjarðardjúps. Þeir voru Ölver, Straumur og Flosi. Ölver var höfðingi af svæðinu sem heygður var með bát sínum á Hvassaleiti á Stigahlíð í haug sem kallaður er Ölvershaugur. Flosi er heygður í Ármúlafjalli og Straumur á Straumnesi, þannig að það sést á milli þeirra allra.

**Sjóstangaveiðiferðir með Rostungi** Amazing Westfjords rekur líka farþegabátinn Rostung ÍS sem tekur sjö farþega í einu og verða ferðir í boði með honum frá miðjum maí og inn í haustið. Auk þess að skoða heillandi náttúrufegurðina í Djúpinu er einnig hægt að renna fyrir þorsk og fleiri fisktegundir, það mjög vinsælt sport bæði fyrir Íslendinga og útlendinga. Upplýsingar og

bókanir í sjóstangaveiði með Rostungi eru í gegnum netfangið info@amazing-westfjords.is. eða í síma 888-1466.

Fyrir utan þessar ferðir eru síðan alls konar sérferðir boði. „Það er til dæmis verið að skipuleggja kirkjuferð norður í Grunnavík, farið er með vinnu- og vinahópa í matar- og skemmtiferðir, til dæmis í Vigur, Hesteyri og fleiri staði eftir óskum," segir Ragnar.

Fyrirtækið hóf reglulegar ferðir sumarið 2017 en fjöldi farþega hefur margfaldast síðan þá: „Ef fjölgunin sem stefnir í gengur eftir, þá spring ég annaðhvort úr monti eða álagi," segir Ragnar að lokum og hlær. Hann hlakkar til spennandi túristavertíðar í sumar.

**Sjá nánar á vefsíðunni amazing-westfjords.is**



BÍLJÖFUR – BIFREIÐAVERKSTÆÐI:

# Er bíllinn þinn yfirfarinn?

**B**ifreiðaverkstæðið Biljöfur er eitt það þekktasta á höfuðborgarsvæðinu og hefur frá stofnun sérhæft sig í viðgerðum og viðhaldi á Chrysler, Dodge og Jeep.

Einnig sjáum við um allar almennar viðgerðir á öllum bíltegundum. Þú færð allt á einum stað fyrir bíllinn hvort sem það er að lagfæra bremsur, stýrisgang, vélarupptekningar eða upptekningu á sjálfskiptingu.

Hjá verkstæðinu starfa

þaulreyndir bifvélavirkjar með áralanga reynslu að baki. Þetta eru sannkallaðir reynsluboltar í faginu og eru jafnvígir á gamla sem nýja bíla. Biljöfur hefur þá yfir að búa nýjustu tölvutækni og fullkomnum tölvubúnaði til þess að bilanagreina allar tegundir bíla.

## Mikilvægi þess að yfirfara reglulega

Biljöfur er alhliða bifreiðaverkstæði með BGS gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Vel yfirfarinn



bill tryggir öryggi ökumanns og farþega og því er gott að yfirfara bíllinn reglulega. Að mörgu þarf að huga þegar kemur að reglulegu viðhaldi á bifreiðum og meðal þess sem þarf að skoða reglulega er staðan á olíu á vél, girkassann, drifíð, loftsiuna, sjálfskiptinguna, rúðuvökva, kælivökva og margt fleira. Við sjáum um að yfirfara bíllinn fyrir þig og fyllum á, gerum við og skiptum út því sem þarf.

Þar sem Biljöfur er í góðu samstarfi við Biljöfur – varahluti

ehf., er verkstæðið með aðgang að fjölbreyttu úrvali varahluta, öllu sem þarf til að viðhalda bílnum á sem bestan og ódýrasta hátt sem völ er á. Ef hluturinn er ekki til á lager þá pöntum við hann með stuttum fyrirvara.

Smiðjuvegi 34 (gul gata), 200  
Kópavogi  
Sími: 544-5151  
biljofur@biljofur.is



SUÐULIST:

# Stál er okkar fag

**S**uðulist er rótgróið og framsækið fyrirtæki sem býður upp á viðtæka þjónustu í hverju því sem viðkemur stáli og smíði úr því. „Við sérhæfum okkur í hönnun, sérsmíði og uppsetningu, hvort heldur er þá finsmíði eða grófsmíði fyrir einstaklinga, veitingastaði, verslanir og hvers konar fyrirtæki. Við þjónustum meðal annars mikið arkitekta og verkfræðistofur um ýmsar sérlausnir,“ segir Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri Suðulistar.

**Allt frá ljósakrónum upp í virkjanir**  
Sem dæmi má nefna að Suðulist hefur komið nálægt flestum virkjunum og verksmíðum síðustu áratugi og má þá helst nefna álverin í Straumsvík, Grundartanga, Reyðarfirði, Búðarhálsvirkjun,

Fljótsdalslínu og Járnblendu á Grundartanga. „Einnig höfum við flutt inn, og sett upp stálgrindarhús um allt land líkt og höfuðstöðvar Marel, höfuðstöðvar Lýsis og FH frjálsíþróttahús. Einnig erum við í hinum ýmsum sérsmíðum og að setja upp handrið, stiga, ljósakróna, stál/gler skilveggi og hverju því sem viðskiptavinurinn óskar eftir.“

**„Við leggjum mikinn metnað í starf Suðulistar og erum afar stolt af öllum þeim verkefnum sem við höfum tekið þátt í.“**

Hafðu endilega samband ef þú vilt frekari upplýsingar.

Nánari upplýsingar á [sudulist.is](http://sudulist.is)  
Sími: 565-2911  
Sendu fyrirspurn: [sudulist@sudulist.is](mailto:sudulist@sudulist.is)  
Facebook: Suðulist





# Leynihráefnið í eldhúsinu

■ Mjólkin sem gerir allt betra ■ Hægt að nota í allt milli himins og jarðar

Það er gaman að leika sér með ný hráefni, það er að segja ef maður hefur gaman af eldamennsku og bakstri yfirhöfuð. Hráefnið sem hefur hægt og örugglega rutt sér til rúms í bakstri á Íslandi kallast „sweetened condensed milk“, eða sæt dósamjólk. Það er mjólk sem hefur verið soðin þannig að um 60 prósent af vatninu gufar upp. Mjólkin er síðan sykrud og sett í niðursuðudósir, þannig að hún geymist í fjölmörg ár. Hægt er að sjóða mjólkina í dósinni og búa til karamellusósu eða nota hana í aðra rétti án þess að sjóða hana. Hér eru nokkrar trylltar uppskriftir með dósamjólki.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



## Einfaldasti piparmyntuís í heimi

- 2 bollar rjómi
- 2 msk. flórsykur
- 1-2 tsk. piparmyntudropar
- 1 dós sæt dósamjólk
- grænn matarlitur (ef vill)
- 50 g súkkulaðispæmir (70%)

Byrjið á að stíffpeyta rjóma, flórsykur og piparmyntudropa í skál. Hellið sætu mjólkinni saman við og blandið varlega en vel saman með sleif eða sleikju. Bætið því næst matarlitnum út í, ef þið viljið nota hann, og hrærið og síðan súkkulaðispæminum. Hellið í ílangt form, til dæmis brauðform, eða hvaða form sem þið viljið nota. Frystið í 6-8 klukkustundir eða yfir nótt. Þessi ís geymist heillengi í góðri þakningu.



## Hrískaka – þessi gamla góða

- Svampbotnar**
- 285 g mjúkt smjör
  - ¾ bolli sykur
  - 1 dós sæt dósamjólk
  - 5 egg
  - 2 bollar hveiti
  - 2 tsk. lyftiduft
  - 1 tsk. vanilludropar
- Karamella**
- 2 bollar sykur
  - 180 g smjör
  - 1 bolli rjómi
  - 1 tsk. sjávarsalt
  - 3-4 bollar Rice Krispies

- Súkkulaðibráð**
- 250 g dökkt súkkulaði
  - 4-5 msk. rjómi

**Svampbotnar.** Takið til tvö smelluform, sirka 18 sentímetra stór og setjið smjörpappír í botninn. Smyrjið formin með olíu eða smjöri. Hitið ofninn í 160°C. Byrjið á að hræra smjör og sykur vel saman í um 3-4 mínútur, eða þar til blandan er létt og ljós. Blandið síðan sætu dósamjólkinni vel saman við og síðan eggjunum, einu í einu. Blandið síðan hveiti, lyftidufti og vanilludropum vel saman við herlegheitin. Skiptið deiginu jafnt á milli formanna tveggja og bakið í 45-50 mínútur. Leyfið kökunni að kólna í forminu.

**Karamella.** Setjið sykur í pott og hitið yfir meðalhita. Hrærið stanslaust í sykrinum,

en fyrst mun hann verða að kögglum og síðan bráðna í ljósbrúna blöndu. Þegar sykurinn er bráðnaður bætið þið smjöriinu út í og hrærið áfram stanslaust. Passið ykkur, því blandan mun bugga og láta illa þegar smjörið snertir sykurinn. Hrærið þar til allt smjörið er bráðnað og búið að blandast saman við sykurinn. Hellið síðan rjómanum varlega út í á meðan þið hrærið, en blandan mun aftur láta illa. Leyfið þessu að sjóða í um eina mínútu en haldið áfram að hræra stanslaust. Takið pottinn af hellunni og blandið saltinu saman við. Hellið blöndunni í aðra skál og leyfið henni að kólna í 10-15 mínútur. Hellið síðan karamellunni yfir botnana tvo. Stráðið síðan Rice Krispies yfir karamelluna og þrýstið því aðeins ofan í hana. Og ekki taka kökuna úr forminu strax!

**Súkkulaðibráð.** Setjið súkkulaði og rjóma í skál og bræðið í örbylgjuofni í 30 sekúndur í senn. Munið að hræra alltaf vel í blöndunni eftir hvert holl. Hellið súkkulaðinu ofan á Rice Krispies og smyrjið því út í hvern krók og kima. Skellið kökunni (í forminu ennþá) inn í ísskáp og leyfið henni að kólna í að minnsta kosti klukkutíma. Síðan rennið þið hníf meðfram forminu til að losa kökuna og skellið henni á disk. Gott er að leyfa henni að standa í að minnsta kosti hálf tíma áður en hún er borin fram. Njótið!



## Súkkulaði-kaka með guðdómlegu vanillukremi

- Brúnka**
- ¾ bolli olía
  - 1 tsk. vanilludropar
  - 1 ¼ bolli sykur
  - 3 egg
  - ¾ bolli hveiti
  - ½ bolli kakó
  - ½ tsk. lyftiduft
  - smá sjávarsalt
- Vanillukrem**
- 1 dós sæt dósamjólk
  - 1 pakki Royal-vanillubúðingur
  - ½ bolli kalt vatn
  - 1 bolli rjómi
  - jarðarber (til að skreyta með)

**Brúnka.** Hitið ofninn í 180°C. Nú getið þið annaðhvort tekið til form sem er 18 sentímetra stórt eða 22 sentímetra. Ef þið veljið 18 sentímetra formið þá verður botninn þykkari, og þá er tilvalið að skera botninn í tvennt og búa til tvö lög með kremi á milli og ofan á. Ég valdi 22 sentímetra form og hafði kökuna einfalda. En munið að smyrja formið vel. Blandið olíu, vanilludropum, sykri og eggjum vel saman í lítilli skál og setjið til hliðar. Blandið öllum þurrrefnunum vel saman í stórri skál og blandið síðan blautefnunum smátt og smátt saman við. Ekki hæra of mikið, þá verður brúndan ekki dásamlega blaut og djúsi. Setjið deigið í form og bakið í um 20 mínútur (22 sentímetra form) eða 25-30 mínútur (18 sentímetra form). Kakan má vera aðeins blaut þegar hún er tekin úr ofninum. Leyfið kökunni alveg að kólna áður en hún er skreytt.

**Vanillukrem.** Blandið sætri dósamjólki og vatni vel saman í skál. Hrærið vanillubúðingnum saman við og hrærið þar til blandan byrjar að þykkna, í um eina mínútu. Setjið inn í ísskáp. Þeytið rjómann. Takið búðingsblönduna úr ísskápnum og blandið rjómanum varlega saman við. Skellið þessu aftur inn í ísskáp á meðan brúndan kólnar. Skreytið brúnkuna með kreminu og fullt, fullt af jarðarberjum.



„Guðjón Davíð Karlsson nær að láta þetta feikiflókna sjónarspil virka saman.“

Þ.T. Mbl.

Þarna leynist skýrt - en alls ekki einfeldningslegt - erindi við samtímann.

ÞT. Mbl.

„Og áður en upp var staðið var Pálmi kominn með heljartök á verkefninu, kröftugur og öruggur en um leið berskjaldaður.“

ÞT, Mbl.

Pálmi hélt manni gersamlega gagnteknum.

S.A. TMM



# UTSENDING

PÁLMI GESTSSON · BIRGITTA BIRGISDÓTTIR · ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON · STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR · HALLGRÍMUR ÓLAFSSON  
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR · ATLI RAFN SIGURÐARSON · SIGURÐUR SIGURJÓNSSON · ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR · ÖRN ÁRNASON  
SNÆFRÍÐUR INGVARSDÓTTIR · ARNAR JÓNSSON · EDDA ARNLJÓTSDÓTTIR · BALÐUR TRAUSTI HREINSSON · HILDUR VALA BALÐURSDÓTTIR  
GUNNAR SMÁRI JÓHANNESSON · LEIKSTJÓRN: GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON



LEIKHÚSIÐ



Hjartnæmt og fjörugt tímaferðalag  
sem engan svíkur  
SJ, FBL.

# ÞITT EIGIÐ LEIKRIT II TÍMAFERÐALAG

EF ÞÚ GÆTIR FERÐAST UM TÍMANN, HVERT MYNDIRÐU FARA?

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á ÞESSAR MÖGNUM SÝNINGAR  
**LEIKHÚSIÐ.IS**

# SAKAMÁL



# ÚLFARÍ SAUÐARGÆRU

Leikfélagarnir reyndust ekki allir þar sem þeir voru séðir

**P**ann 15. febrúar, 2003, bönguðu tveir tólf ára drengir, Evan Drake Savoie og Jake Lee Eakin, upp á hjá leikfélagi sínum, Craig M. Sorger, í Ephrata í Washington í Bandaríkjunum.

Sorger, sem var einhverfur og hafði mikinn áhuga á vísindum, tölvuleikjum og kappakstursbílum, var heima við þegar félagar hans spurðu móður hans hvort hann mætti koma út að leika sér með þeim. Móðir Sorger sá ekkert því til fyrirstöðu og drengirnir þrír ruku út í daginn.

#### Sorger skilar sér ekki heim

Þegar dimma tók varð móðir Sorger áhyggjufull. Hún hafði ekkert heyrt til sonar síns eða séð síðan hann hvarf út dyrnar fyrir um daginn. Tekið var að húma að kveldi og henni fannst undarlegt að hann væri ekki kominn heim, ekki síst vegna þess að hann var myrkfælinn mjög.

EKKI VARÐ HENNI RÓRA ÞEGAR HÚN KOMST AÐ ÞVÍ AÐ SAVOIE OG EAKIN VORU LÖNGU KOMNIR HEIM TIL SÍN.

Móðir Craigs var enn í öngum sínum þegar henni var sagt að lík hans hefði fundist skammt frá leiksvæði drengjanna.

#### Samhljóða frásagnir

Lögreglan talaði við Savoie og Eakin strax þetta sama kvöld. Þeir höfðu svipaða sögu að segja. Savoie sagði að Sorger hefði fallið úr tré sem hann var að þrila í og Eakin sagði að þeir hefðu allir þrír verið á sömu trjágrein þegar Sorger féll til jarðar.

Niðurstaða krufningar átti eftir að leiða ýmislegt í ljós.

#### Barinn og stunginn

Áverkar á líki Sorger var engan veginn hægt að rekja til falls niður úr tré. Hann hafði verið barinn um það bil 16 sinnum í höfuð og háls og stunginn 34 sinnum nokkurn veginn á sömu stöðum og hann hafði verið barinn.

Einnig hafði Sorger verið stunginn átta sinnum í efri hluta líkamans.

Það var greinilegt að frekara spjalls við Savoie og Eakin var þörf.

#### Sögdust saklausir

Savoie og Eakin voru handteknir tveimur dögum eftir að Sorger dó. Í upphafi sögdust þeir báðir saklausir, en voru engu að síður ákærðir fyrir morð að yfirlögðu ráði.

Eftir að hafa lent í öngstræti í frásögnunum sínum, upplýsti Eakin lögregluna að lokum um sinn þátt í morðinu og játaði sig sekan um manndráp. Eakin fékk 14 ára dóm.

#### Vitnaði gegn Savoie

Síðan snerist Eakin á sveif með ákærvaldinu og vitnaði gegn félagi sínum, sem enn sagðist saklaus af morðinu. Savoie þrjóskaðist við en þann 29. apríl, 2006, var hann sakfelldur fyrir morð og fékk 26 ára fangelsisdóm, þyngstu refsingu sem hægt var að dæma hann til.

Engu ljósi hefur verið varpað á hvað vakti fyrir Savoie og Eakin þennan örlagaríka dag árið 2003.



**Evan Savoie**  
Fullyrti að hann væri saklaus.

**Jake Eakin** Vitnaði gegn vini sínum.



**Craig Sorger** Fór út að leika sér með félögum sínum.



**Hann hafði verið barinn um það bil 16 sinnum í höfuð og háls og stunginn 34 sinnum nokkurn veginn á sömu stöðum og hann hafði verið barinn**



JAWAWAZ

# DAUÐI FARANDSÖLUMANNNS

Jay Orbin sneri heim úr söluféð og sást ekki á lífi eftir það

**D**ómari nokkur í Arizona í Bandaríkjunum setti Marjorie Orbin í hóp með alræmdustu morðingjum fylkisins, þann 1. október, árið 2009. Óhætt er að segja að það sé vafasamur félagsskapur en sennilega hefur Marjorie verið vel að því komin í ljósi þess sem hún hafði á samviskunni.

Dómarrinn, Arthur Anderson, sagði við Marjorie rétt áður en hann kvað upp dóm yfir henni: „Það sem þetta virðist vera, frú mín góð, er opinberun á þinni dekkstu hlið. Þegar því svartnætti er sleppt lausu, er það eins svart og hugsast getur.“

Hvað hafði Marjorie Orbin gert sem verðskuldaði svo þung orð?

## Horfinn eiginmaður

Þannig var mál með vexti að Jay Orbin, 47 ára eiginmaður Marjorie, hafði horfið af yfirborði jarðar í september árið 2004, þegar hann kom til Phoenix. Hann hafði þá ferðast um þver og endilöng Bandaríkin og selt skartgrip og listaverk frumbyggja álfunnar, snúið heim til Phoenix og horfið.

Einhverju síðar kom Jay reyndar aftur upp á yfirborðið, allavega hluti af honum, þegar höfuðlaus búkur hans fannst í eyðimörk í norðurhluta Phoenix. Búknun hafði verið troðið í stóran plaststamp með loki. Afgangurinn af líki Jays fannst hins vegar aldrei.

## Óhugnanlegur fundur

Samkvæmt farsímagögnun og kreditkortanotkun hafði Jay komið heim 8. september og, sem fyrr segir, sást ekki á lífi eftir það. Það var síðan 23. október að náungi sem bjó í eyðimörkinni hnaut um plaststampinn, sem var vafinn inn í svart, þykkt plast. Hann opnaði stampinn og við honum blasti höfuð- og handleggjalas búkur.

„Allt innvolsið, líffæri og innnyfli voru horfin ... Ég hugsaði „hver myndi gera svona við manneskju? Skera af handleggina, fótleggina, höfuðið?“ sagði Dave Barnes, rannsóknarlögreglumaður í Phoenix, um líkfundinn.

Stundum þarf ekki að leita langt yfir skammt og sú var raunin í þessu tilviki.

## Skrautleg fortíð

Marjorie var ákærð fyrir morðið. Á meðal sönnunargagna gegn henni var upptaka úr eftirlitsmyndavél sem sýndi hana kaupa tvo plaststampa eins og þann sem búk Jays hafði verið troðið í.

Marjorie var þá 47 ára og átti skrautlega fortíð, hvort tveggja ef horft var langt aftur í tímann eða skammt. Fyrr meir hafði Marjorie séð sér farborða með því að vinna á næturklúbbum. Þar hafði hún dansað „exótískan“ dans, þeim til skemmtunar sem unun hafa af slíku.

Eftir að hún giftist Jay lét Marjorie af þeim starfa, en að sögn átti hún erfitt með að halda hjúskaparheitin í heiðri. Eftir að réttarhöldin hófust, síðla janúarmánaðar árið 2009, kom í ljós að Marjorie hafði átt í ástarsambandi við nokkuð marga karlmenn og nokkrir þeirra báru vitni þegar réttað var yfir henni.

## Réttarhöld tefjast

Ákærvaldið taldi að Marjorie hefði skotið eiginmann sinn til bana og síðan sundurlímað lík hans. Það hefði

Marjorie Orbin Sagði ástmann sinn hafa framið morðið.



**Kom í ljós að Marjorie hafði átt í ástarsambandi við nokkuð marga karlmenn**



Jay Orbin Hvarf í kjölfar söluféðar.

hún gert til að halda ástarævintýrum sínum leyndum og ekki síður til að komast yfir eigin hans og fé.

Réttarhöldin drógust aðeins úr hömlu þegar bornar voru brigður á starfshætti saksóknara en hann hafði á ferilskránni mál manns sem hafði verið saklaus dæmdur um morð og setið tíu ár í fangelsi. Einnig hafði saksóknarinn komið að öðru máli þar sem áhöld voru um hvort játning hefði verið fengin með löglegum hætti.

Reyndar þurfti saksóknarinn, Noel Levy, að segja sig frá máli Marjorie, en þá vegna heilsubrests.

## Nýr saksóknari og frekari töf

Í apríl tók nýr saksóknari, Treena Kay, við keflinu af Levy og í september var Marjorie sakfelld fyrir morðið á Jay og tveimur vikum síðar varð það niðurstaða kviðdóms að Marjorie slyppi við dauðadóm og fengi lífstíðardóm þess í stað.

Töf varð á því að dómari í málinu kvæði upp endanlegan dóm yfir Marjorie því í millitíðinni höfðu komið í ljós í sjónvarpsþætti nýjar upplýsingar. Í þættinum var sjónum beint að fullyrðingum Marjorie þess efnis að einn



Það sem fannst Plaststampurinn sem fannst í eyðimörkinni.

ástmanna hennar, Larry Weisberg, hefði myrt eiginmann hennar, en Weisberg þessum hafði verið veitt friðhelgi gegn því að hann vitnaði gegn henni.

## Niðurstaða

Lögfræðingar Marjorie fóru fram á ný réttarhöld. Meinta aðild Weisberg hafði borið á góma við réttarhöldin en einnig hafði Marjorie sakað bróður Jays, Jake, um að hafa eytt sönnunargögnum og beint sjónum rannsóknarlögreglunnar að henni því hann myndi erfa allar eitur Jays ef hún yrði sakfelld.

Dómarrinn hafnaði beiðni um ný réttarhöld og þann 1. október, 2009, kvað hann upp lífstíðardóm yfir Marjorie Orbin. ■

# Spáð í stjörnumunnar

## Lesið í tarot Gylfa

# Skín skærar hjá stærra liði

Mikið hefur verið skrafað um slæma stöðu knattspyrnukappans Gylfa Þórs Sigurðssonar hjá Everton og jafnvel velt upp að hann verði seldur í sumar. DV ákvað því að lesa í tarotspil Gylfa og athuga hvað framtíðin ber í skauti sér. Lesendum er bent á að þeir geta sjálfir dregið tarot á vef DV.

### Ekkert vonleysi, takk

Fyrsta spilið sem kemur upp er Tunglið. Gylfi hefur það á tilfinningunni að hann ráði ekki við það erfiði sem framundan er og einkennist tilfinningalíf hans af ringulreið, jafnvel einmanaleika og ístöðuleysi. Gylfi ræður hins vegar við hvaða hindrun sem er og þarf að rífa sig upp úr vonleysinu og takast á við framtíðina – ekki láta bölmóð villa sér sýn. Hann þarf að horfa betur í kringum sig og læra að meta það sem hann hefur því framtíðin er afar björt.



### Jafnvægi í fjölskyldu

Næst er það 6 mynt. Gylfi hefur þénað vel í atvinnumennsku en er langt frá því að vera nískur. Hann er örlátur á auðæfi sín og deilir eigin velgengni með sínum nánustu. Þegar kemur að fjölskyldunni ríkir mikið jafnvægi í lífi Gylfa og hann er ávallt hreinskilinn í samskiptum sínum. Innan skamms hlotnast honum aukinn sálarfriður og hagur hans vænkast enn frekar.

### Kjarkur og ástríða

Loks er það 7 stafir. Gylfi er afar áræðinn og metnaðarfullur. Hann býr yfir kjarki og ástríðu sem gæti nánast flutt fjöll og dást margir að hæfileikum hans til að takast á við erfiðleika. Það virðist rétt sem spekingarnir segja – Gylfi er á leið frá Everton en verður boðaður í viðtal hjá öðru liði sem er stærra. Þar mun hann ná að nýta alla sína kosti til framfara og skína enn skærar. ■

# Afmælisbörn vikunnar

- 1. mars Árni Johnsen stjórnmálamaður, 76 ára
- 2. mars Guðmundur Óskar Guðmundsson bassaleikari, 33 ára
- 3. mars Ólafur Darri Ólafsson leikari, 47 ára
- 4. mars Otto Tynes þúsundþjalasmiður, 50 ára
- 5. mars Gunnar Örn Tynes tónlistarmaður, 41 árs
- 6. mars Bára Magnúsdóttir dansari, 73 ára
- 7. mars Hlín Einarsdóttir fjölmiðlakona, 43 ára

# Stjörnuþá vikunnar

## Gildir 1.–7. mars



**Hrútur** - 21. mars–19. apríl

Þú hefur borið með þér mikla gremju og eftirsjá undanfarnar vikur og gerir þér loksins fyllilega grein fyrir því. Þú tekur sjálfa/n þig í gegn og ferð vel yfir farinn veg. Það mun gera þér mjög gott. En mundu, þú þarft líka að skoða það sem býr undir yfirborðinu og horfast í augu við sjálfa/n þig.



**Vog** - 23. sept.–22. október

Þú elskar rútinu en þér finnst erfiðara þessa dagana að halda þig við hana. Það veldur þér smá kvíða en ekki gera úlfalda úr mýflugu. Einbeittu þér að því að halda þessum rútinum og settu allan þinn fókus á það. Áður en þú veist af verður þú komin/n í sama farið, full/ur af gleði.



**Naut** - 20. apríl–20. maí

Félagslífið er aðalmálið hjá þér þessa dagana. Þú ert nýbúin/n að vera í svakalegum gleðskap og annar á döfinni, jafnvel nokkrir. Einn af þessum viðburðum tengist vinnunni en í þessum gleðskap áttu eftir að kynna hóp af fólki í tækni-geiranum sem mun opna augu þín fyrir ýmsum möguleikum.



**Sporðreki** -

23. október–21. nóvember

Þú vantar innblástur og finnur hann ekki néins staðar. Hins vegar er skemmtileg ferð í vændum sem mun gefa þér ofboðlega góða innspýtingu í lífið og tilveruna. Þú verður samt að vera þolinmód/ur varðandi þessa ferð því hún er ekki beint á næsta leiti. En hún er biðarinnar virði.



**Tvíburi** - 21. maí–21. júní

Það hefur mikið verið að gerjast í höfðinu á þér og fátt af því gott. Þú verður að skilja við það neikvæða og taka á móti því jákvæða. Hefja nýjan kafla. Nýi kaflinn, hvenær sem þú opnar hann, mun fela í sér mikla sköpun og jafnvel að þú skiptir um starfsvettvang.



**Bogmaður** -

22. nóvember–21. desember

Fjölskyldan og þinn innri hringur er aðalmálið einmitt núna. Ef það hefur verið einhver misskilningur eða átök innan fjölskyldunnar þá leggur þú mikið á þig að laga það og bregða þér í hlutverk sáttasemjara. Þetta verður góð vika fyrir bogmenn, vika sem þú munt muna að eilífu.



**Krabbi** - 22. júní–22. júlí

Þú veist ekki alveg hvernig þú átt að haga þér þessa dagana og ert í ákveðinni tilvistarkreppu. Ekki hafa áhyggjur – það kemur fyrir alla að efast um eigin tilvist og sinn stað í veröldinni. Það gerir þig stressaða/n að hugsa um framtíðina en þú þarft að gera það. Þú þarft að spyrja hvað þú viljir gera í framhaldinu.



**Steingeit** -

22. desember–19. janúar

Eitthvað hefur gerst innan fjölskyldu þinnar sem veldur þér miklum ama. Þú gerir þitt besta til að greiða úr þessum vanda, sem virðist á yfirborðinu vera einfaldur úrlausnar, jafnvel hlægilegur, en allt kemur fyrir ekki. Þú þarft að taka smá fjarlægð frá vandamálinu og hugsa um þig sjálfa/n í smá stund.



**Ljón** - 23. júlí–22. ágúst

Þú þarft ekki að burðast með allar heimans byrðar á herðum þínum og leysa öll vandamál þín ein. Leitaðu til vina þinna með stórt vandamál sem hefur valdið þér miklu hugarangri en lausnin á því mun breyta lífi þínu til frambúðar. Leyfðu þér að gráta á öxlum vina þinna og hlustaðu á þá.



**Vatnsberi** -

20. janúar–18. febrúar

Þú verður að passa fjárhaginn elsku vatnsberinn minn. Þú hefur verið að eyða umfram efni og ert búin/n að missa sjónar á bókhaldinu. Þér finnst þú þurfa að eyða peningum í ýmsa hluti en er það virkilega svo? Svaraðu nú þessari spurningu af hreinskilni.



**Meyja** - 23. ágúst–22. sept.

Alls konar sambönd eru í brennidepli núna hjá meyjunni. Varðandi sum þeirra þá veltir þú fyrir þér hvort ákveðnir aðilar séu góðir fyrir þig og bæti líf þitt. Varðandi aðrar manneskjur í lífi þínu þarft þú kannski að gefa þér meiri tíma til að yrkja þau sambönd sem veita þér mikla lífsfyllingu.



**Fiskur** - 19. febrúar–20. mars

Þú ert ekki mikill blaðrari heldur frekar þögnug hugsuður. Sá eiginleiki mun koma sér vel í vikunni þar sem manneskja verður á vegi þínum sem kann að meta þennan eiginleika í þínu fari. Þessi manneskja mun ná að virkja þig til góðra verka í framtíðinni og er þetta upphaf að góðu og gjöfulu samstarfi.

# 26 ára aldursmunur – Svona eiga þau saman

Eypór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni og myndlistarkonan Ástríður Jósefína Ólafsdóttir eru byrjuð að stinga saman nefjum. Þá sannast hið fornkvæða, að ástin spyr ekki um aldur, því hátt í þrjú áratugir skilja þau Eypór og Ástríðu að. DV ákvað að lesa í stjörnumerkin og athuga hvernig þessi tvö eiga saman.

Ástríður er krabbi en Eypór er bogmaður og því eru þau mjög ólík þar sem krabbi er vatnsmerki en bogmaðurinn eldmerki. Ef að Ástríður og Eypór vilja virkilega að þetta samband gangi þá verða þau að vera þolinmód og gefa sambandinu rými til að þróast.

Í fyrstu virðist bogmaðurinn aðeins vera að leita sér að smá stuði en krabbinn þarfnast tilfinningalegs öryggis. Í byrjun sambandsins mun krabbinn hugsanlega vilja meiri bindingu en bogmaðurinn. Bogmaðurinn hræðist það en lærir með tímanum að meta þann tilfinningalega stuðning sem krabbinn veitir.

Krabbinn og bogmaðurinn hafa mismunandi sýn á lífið. Sundum getur verið erfitt fyrir bogmanninn að læra á hinn tilfinningasama krabba og krabbinn á oft á tíðum í vanda með að skilja óróann innra með bogmanninum. Þau hafa hins vegar mikið að færa hvort öðru þar sem krabbinn getur gefið bogmanninum ró og frið og bogmaðurinn getur opnað augu krabbans fyrir lystisemdum lífsins. ■



**Ástríður Jósefína**

Fædd: 17. júlí 1990

**Krabbi**

- þrjósk
- hugmyndarík
- traust

■ tilfinningarík

- svartsýn
- óörugg

**Eypór**

Fæddur: 24. nóvember 1964

**Bogmaður**

- örlátur
- hugsjónamaður
- hómoristi
- óheflaður
- óþolinmódur
- ósamvinnuþýður

Trukkur ehf. var stofnað árið 2013 og er leiðandi fyrirtæki í sölu og innflutningi á notuðum vörubifreiðum og vinnuvélum.

Við bjóðum upp á krókheysispalla í miklu úrvali, varahluti í vinnuvélar, vörubíla, dráttarvélar, uppgerðar bílvélar, gírkassa, sjálfskiptingar í vörubifreiðar, hjólbarða, GPS flotastýringarkerfi og margt fleira.

Við leitumst eftir því að finna bestu lausnina sem er í boði hverju sinni fyrir viðskiptavinum okkar.

Ef þú heldur að við getum aðstoðað þig endilega hafðu samband við okkur.



## Krókheysi

Pallar og búnaður

Bjóðum uppá mikið úrval af krókheysis pöllum fletum ruslakörum og búnaði sem að því tengist, sem uppfylla ströngustukröfur viðskiptavinarins um endingu og gott notagildi. Við leitumst við að finna réttu lausnina fyrir viðskiptavininn og bjóðum uppá sérsniðnar lausnir sé þess óskað.

## MiniFinder GO

Viðvörðunar- og eftirlitskerfi

MiniFinder GO er öflugt vefviðvörðunar- og eftirlitskerfi sem býður upp á eftirfarandi eiginleika:

- Notkunarskrá (Log book)
- Rauntíma eftirlit með GPS tækinu
- Flotastjórnun
- Frítt app fyrir Android og Apple iOS
- Hægt að prenta út viðvörðunarskrár (Print alarm reports)
- Spilar leiðir sem tækið hefur ferðast
- Saga, greiningar og háþróaðir leitarmöguleikar
- Styður mismunandi kortagrunna (GoogleMaps, OpenStreet og Bing ofl.)
- Styður við yfir 90% af vélbúnaði á markaðnum.
- Forritunarviðmót fyrir forritara (API)




## MiniFinder Zepto

GPS tæki fyrir bifreiðar

MiniFinder Zepto er heimsins minnsta GPS tæki fyrir bifreiðar, með hraðtengingu við farartækisgreiningarhólf, OBD tengi og 5 ára ábyrgð.

- Rauntíma GPS mælingar
- Ferðaskrá
- Fiktviðvörðun
- Plug & Play
- Svæðisviðvörðun (GeoFence Alarm)
- Ferðasaga
- Hraðaviðvörðun
- Ökutölfræði

# Helgarkrossgátan

						fuglinn	grátur	rúmið	gerast	baksaði			
				loga									
				kona									
				utan			uns	7			2		
							tikki happinu						
				líkams- hlutinn							tjúllaður		
				prjónn nýtir						borðandi fíkil			
Teikning: Hallór Andri eftirprentun bönmuð	Krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	sönglar	beita	3 eins			frá		hása				
							5						
svarf				málmur lærling	3		knæpa karldýr						
þekktá					kona fersk				skott				
væl			spræk 2 eins	6		tónaði		hvað? öngl					
dýrahljóð					fiskinn vagg				skitugar				
gnauðar						vinnusama							
1000		portkona	kaup	eldstæði			pési ámar						
				1		væl drykkur			ávöxtur				
sansa				999 snilld			4	til sprell					
	hlutverk menn						kex						
krydd							kámar ákafar						
		anga	bank		hrein sáðland			vægð	ágenga				
skorna						utan	drunu sprikli						
3 eins				gláðir					2 eins 8				
hrjá				ánægjuna									
huglaus						ofna							

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

# Sudoku

## Auðveld

				7	9	2		
						4	6	7
7			1	6	2		9	
	6		9	1		7	2	
3	4			8	7	5		9
	9					3		
		6		4		1	7	
8		1	7	2			4	
4	7	3					5	2

## Erfið

5	1				4		7	
		4	2				3	
			6					9
3								
	5			2			7	
9			3	7			4	
		1	7	4			3	
			8					5 7
					6			

# Verðlaunagáta

## Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



**FORLAGIÐ**

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

**Nicolai Þorsteinsson**

Lausnarorðið var **DRUSLUGANGA**

**Nicolai hlýtur að launum bókina Drekkingshylur**



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókinn **Hvað er í matinn?**

Vinningsbók er hægt að nálgast á skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

„Hvað er í matinn?“ er algengasta spurningin á mörgum heimilum. Hverdagsmaturinn er verkefni sem við stöndum frammi fyrir hvern einasta dag – að ákveða hvað eigi að matreiða, kaupa svo inn, undirbúa og elda, og bera matinn síðan á borð fyrir fjölskylduna.

Hér gerir Jóhanna Vigdís tillögur að einföldum, gómsætum og girnilegum réttum fyrir öll kvöld vikunnar. Margir réttanna eru undir ítölskum áhrifum, enda kom hún með fjölda hugmynda í farteskinu frá Flórens, þar sem hún sótti matreiðslunámskeið. Jafnframt hvetur hún alla til að taka þátt í baráttunni gegn matarsóun.

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir er þekkt fyrir að elda ljúffenga sælkerarétti og hefur áður sent frá sér tvær matreiðslubækur. Í matinn er þetta helst og Seinni réttir, auk þess sem hún hefur gert matreiðsluþætti fyrir sjónvarp.



# FERMINGARGJÖFIN Í ÁR? ARC-TIC ICELAND ÚR



ARC-TIC ICELAND RETRO ÚRIN FRÁ GILBERT ÚRSMÍÐ ERU  
GLÆSILEG GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI FYRIR BÆÐI DÖMUR OG HERRA.

RETRO ÚR MED LEDURÓL  
**29.900,-**

HJÁ GILBERT ÚRSMÍÐ SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG  
FRAMLEIÐSLU ÚRA OG HEFUR ÚRVALIÐ ALDREI VERIÐ MEIRA EN NÚ.



RETRO ÚR MED LEDURÓL  
**29.900,-**



IMT 200 METRA VATNSHELT  
ÚR MED GÚMMÍÓL  
**39.900,-**



RETRO ÚR MED STÁLÓL  
**34.900,-**

**ARC-TIC**  
ICELAND  
[www.arc-tic.is](http://www.arc-tic.is)

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551 4100  
[www.gilbert.is](http://www.gilbert.is)

D G C A T H Y D X P Z F C A F L E Z B  
W D O F E I G B N A S C R A O D L L S Q  
U S Ý J U L B T S M F W W T K R A T M I  
A D N O I S I V O R U E N T Y E J D R H  
Í A K F S R P E S R O T T E R D A M I N  
F D Y H Y Ú Y O H I M K V N G I O D G D  
W B Z R L D O X R E G P A R T Y G J N J  
A C I D H R O W U I L U D Q L M G W F U  
S R J T U Y O M D X T G R U A W K P W Z  
M J U P L B B Y N H C O A V B M J N B D  
D S O N G V A K E P P N I U E K J Ó S A  
L H S N D X L D F T R A Z S S G H J I R  
O H U X W I G N R G X D R Z Z A A X Q Z  
S E E W O Z V L O L I W I X S K Z R L V  
Í H V M F U A S H N D T K X J M B H I N  
C B R I A I B M Á B R H S O O I C I T M  
S J Ó N V A R P M V U N R F Y Y B I U D  
Q O Q H I C H V P I A Í O A L C W K I G  
G A G N A M A G N I D N F V E Ó X F L F  
O Y G X K Z Q O L E O A E I M V T T A B  
P L E A J E W I M U F C X I A Q S W S B  
J N K J N E D A Y R H L F Q E L V D D Q  
A D J N A O G P V O N N P P U W F E L F  
D N A L L O H N M T V K V F K K A N S F  
K X C N N F A C K L A P P L I D Y Z X J

DADI

DIMMA

ECHO

EUROVISION

GAGNAMAGNID

HELGA

HOLLAND

IVA

KJÓSA

KLAPPLID

NÍNA

PARTY

ROTTERDAM

SIGURVEGARI

SJÓNVARP

SNAKK

SONGVAKEPPNI

SVID

TÓLFSTIG

ÁHORFENDUR

ÍDÝFA

ÍSOLD

ÚRSLIT



## Daglegar eða reglulegar ræstingar.

Öll þrif fyrir fyrirtæki,  
stofnanir og heimili



 **Vaktsími  
allan sólarhringinn**



**Hafðu samband  
og fáðu tilboð í verkið**

Það er alltaf hægt að hafa samband við okkur ef **Vaktsíminn er 8652425**  
óvænt verkefni koma upp.

Frostagötu 4c, 603 Akureyri Símar: 461 5232 / 892 | Netfang: thrif@thrif.is | Veffang: www.thrif.is



MOTTA.IS:

# Mottuhreinsun – Mottuleiga

**M**otta.is býður upp á mottuþrif fyrir einstaklinga. Við erum búin afar vönduðum þvottavélum og tækjakosti sem gerir okkur kleift að þrifa mottur úr nánast hvaða efni sem er. Notaðar eru einungis vistvænar sápur og starfsmenn fyrirtækisins búa yfir mikilli þekkingu og reynslu í þrifum og viðhaldi á hvers kyns mottum. Mottan verður eins og ný eftir þrif.

Við tökum við mottum í útibúum okkar á Nýbýlavegi 32 í Kópavogi og á Kalmansvöllum 4 á Akranesi. Ef fólk hefur ekki tök á að koma með mottuna til okkar þá bjóðum við upp á að mottan sé sótt og send aftur heim að dyrum.


## Haltu gólfinu snyrtilegu og hreinu með mottuleigu Motta.is

Mottuleiga Motta.is er frábær kostur fyrir húsfélög, fyrirtæki og stofnanir þar sem umgengni er mikil. Motturnar frá Motta.is eru efnismiklar og sérstaklega hannaðar til að taka við miklu magni af bleytu og óhreinindum. Góð motta getur auðveldlega sparað þrif á öðrum

gólfflötum.

Til þess að mottur gegni tilætluðu hlutverki er mikilvægt að halda þeim tiltölulega hreinum. Mottur sem eru ekki þrifnar reglulega hætta fljótt að taka við og fólk flytur með sér óhreinindi að utan inn í húsin. Mottuleiga Motta.is sér um að skipta út óhreinum mottum fyrir hreinar. Ef um er að ræða leigu á fleiri mottum þá gerum við hagstæðan þjónustusamning við húsfélög eða fyrirtæki um mottuskipti.

Motturnar fást í fjölbreyttum stærðum sem henta flestum. Einnig býður Motta.is upp á möguleikann að sérpanta mottur í öðrum stærðum ef viðskiptavinur óskar eftir því. Allajafna eru motturnar í stöðluðum litum hjá okkur, en ef viðskiptavinur óskar eftir því er hægt að láta sérútbúa mottu í nánast hvaða lit sem er. Þá erum við með sérstaklega áprentaðar mottur og hefur verið sérlega vinsælt hjá fyrirtækjum að láta prenta lógó á mottuna. Vel merkt lógómotta er í senn augnayndi og myndræn auglýsing fyrir fyrirtækið.



**MOTTA**



Nánari upplýsingar fást á vefsíðunni [motta.is](http://motta.is) Húsfélagþjónustan ehf.  
Nýbýlavegur 32, 200 Kópavogi og Kalmarsvellir 4, 300 Akranesi.  
Sími: 555-6855 / Tölvupóstur: [motta@motta.is](mailto:motta@motta.is) / Facebook: Motta.is

# Góð lögga, slæm lögga

■ Norska Eurovision-sveitin KEiINO skemmtir landanum ■ Breiðir út boðskap jafnréttis

Við erum von því að hafa nóg fyrir stafni og okkur fannst synd að fljúga til Íslands til þess eins að skemmta í fimm mínútur í beinni útsendingu þannig að það er svalt að við fáum að vera aðeins lengur," segir lagahöfundurinn og söngvarinn Tom Hugo, forspraki norsku sveitarinnar KEiINO. Sveitin sló ræki-lega í gegn í Eurovision í Tel Aviv í fyrra með slagaran Spirit in the Sky, þar sem hressu poppi var blandað við ljóðlist Sama, joik. KEiINO sækir Ísland heim um helgina og treður ekki aðeins upp í úrslitum Söngvakeppninnar á laugardagskvöldinu heldur skemmtir einnig þyrstum partígestum á Euro-klúbbnum í Iðnó fram á rauðanótt eftir að úrslitin verða ljós.

## Óvissa hjá EBU og NRK

Tom samdi lagið Spirit in the Sky með eiginmanni sínum, Alex Olsson, og var það aldalöng barátta minnihlutahópa fyrir jafnrétti sem veitti innblástur. Tom fékk síðar til liðs við sig Sama-rapparan Fred Buljo og söngkonuna Alexöndru Rotan, þau fóru alla leið í norsku Söngvakeppninni, Melodi Grand Prix, unnu hjörta áhorfenda um gjörvalla Evrópu og enduðu í sjötta sæti í Eurovision. Það höfðu hins vegar ekki allir trú á að lagið kæmist svo langt.

„Fjölmargt fólk hjá EBU [Sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva] og NRK [Norska ríkisútvarpinu] hafði sínar efasemdir um lagið. Þótt einhverjir telji lagið dæmigert Eurovision-lag þá er það ekki dæmigert akkúrat núna. Maður heyrir ekki marga poppslagara með joiki þessa dagana," segir Tom og hlær. „Við náðum hins vegar að túlka ákveðinn boðskap með laginu. Boðskap um að fagna fjölbreytileikanum og hvernig sameiningarmátturinn getur orðið til þess að við sköpum eitthvað stærra og meira.“


## Platan tilbúin

Tom segir að það hafi vissulega verið draumi líkast að komast svo langt í stærstu söngvakeppni heims. Hann, Fred og Alexandra þekktust lítið áður en þau hófu þessa vegferð saman en ákváðu að þau þyrftu að vera með stærra plan eftir Eurovision.

„Það er mjög auðvelt að detta niður í þunglyndi eftir Eurovision. Allt í einu hefur enginn áhuga á að tala við þig eða horfa á þig. Maður fær mjög mikla athygli yfir stuttan tíma og það er ekki eðlilegt. Við ákváðum því að vera með þau þegar slökkt yrði á myndavélunum og það var að búa til plötu með öðrum frumbyggjalistamönnum um heim allan. Sú vinna hófst í maí á síðasta ári og platan fór í fjöldaframleiðslu á miðvikudaginn," segir Tom. Fyrsta lagið af plötunni, Black Leather, fer í spilun í dag, föstudag, og verður frumflutt í beinni útsendingu í Söngvakeppninni. Í því lagi nýtur þríeykið í KEiINO liðsinnis kanadíska háls-söngkonunnar Charlotte Qamaiq.

## Margt líkt með Hatara

En aftur að Íslandsförinni. Tom lenti hér á landi í gær, fimmtudag, og eyddi gæðatíma með eiginmanni sínum áður en hinir tveir KEiINO-liðarnir mættu á svæðið. Það stendur ekki á svörnum þegar hann er spurður hvers



Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is

Svart leður  
KEiINO-liðar eru  
keimlíkir Hatara í  
klæðaburði.

hann hlakkar mest til á Íslandi.

„Við erum auðmjúk fyrir að hafa verið beðin um að spila, bæði á RÚV og í eftirpartíinu. Það verður æði og sérstaklega verður gaman að hitta Hatara aftur," segir Tom og bætir við að þau í KEiINO hafi tengst meðlimum Hatara vináttuböndum í fyrra í Tel Aviv. „Þó að tónlistin okkar sé ekki alveg eins þá er ýmislegt sem við eigum sameiginlegt. Hatari tekur auðvitað allt skrefinu lengra en við," segir hann og hlær. „Við deilum samt sömu gildum, þótt við tjáum þau á mismunandi hátt. Svona eins og góð lögga, slæm lögga. Það er nauðsynlegt að hafa allan skalann til að breyta heiminum, sumir eru háværir á meðan aðrir læðast meðfram veggjum.“

Tom treystir sér hins vegar ekki til að spá fyrir um úrslit Söngvakeppninnar.

„Ég er búin að hlusta á öll lögin og eitt er í upphaldi hjá mér. Ég ætla samt að halda því fyrir sjálfan mig sem virðingavott fyrir þá frábæru listamenn sem stíga á sviðið á laugardag. Sama hvernig fer, hvort sem það verður ballaða eða popplag, þá er ég viss um að Íslandi á eftir að ganga vel í Eurovision.“

## Reyna að breyta heiminum

Nýja lag KEiINO, Black Leather, er rokkaðra en Spirit in



Draumi líkast Tom samdi  
lagið Spirit in the Sky með  
eiginmanni sínum.



Slógu í gegn Þríeykið á sviðinu í Tel Aviv.

the Sky og minnir klæðaburður á kynningarefninu óneitanlega á Hatara. Það lag fjallar um framtíðarsýn þar sem fólk er ekki skilgreint eftir kyni og þar sem kyn ákvarðar ekki möguleika þína í þessum heimi. Tom segir afar mikilvægt fyrir KEiINO að breiða út boðskap jafnréttis, sérstaklega í dag.

„Heimurinn er að verða meira póláriserandi. Hægri öfgamenn búa til svæði í Evrópu þar sem hinsegin fólk er bannað, svo dæmi séu tekin. Þótt við hér á Norðurlöndunum séum heppnari en fólk annars staðar í heiminum þá þurfum við stanslaust að minna fólk á að allir eiga rétt á jafnrétti, sérstaklega á tímum þar sem kapítalismur egnir okkur gegn hvert öðru. Stundum virðist þessi barátta vonlaus, en þegar við horfum á stóru myndina þá verðum við að reyna að breyta hlutunum. Við í KEiINO höfum tækifæri til að senda skilaboð til heimsins. Kannski virkar það ekki, en við reyndum allavega.“ ■



FRAMTÍÐARBÓKHALD UNICONTA:

# Það hefur aldrei verið ódýrara að skipta um bókhaldskerfi!

Uniconta mætast nýjasta tækni og áratuga reynsla. Útkoman er eitt hraðasta, einfaldasta og hagkvæmasta bókhaldskerfi veraldar," segir Ingvaldur Thor Einarsson, framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi. Uniconta er sjötta bókhaldskerfið úr smíðju Eriks Damgaard sem hefur oft verið nefndur konungur bókhaldskerfanna. Uniconta kom fyrst á markað 2016 og hefur farið sigurför um heiminn síðan þá.

„Erik hefur unnið í 35 ár við að hanna hið fullkomna bókhaldskerfi. Hann er maðurinn á bak við Concorde XAL og Axapta en það síðarnefnda er flaggskip hugbúnaðarrisans Microsoft," útskýrir Ingvaldur.

„Eftir að hann lét af störfum hjá Microsoft sá Erik að með nýrra tækni myndi skapast sóknarfæri á bókhaldsmarkaði og hóf þróun á Uniconta. Það byggir á gömlum gildum en keyrir á nýjustu tækni. Önnur kerfi komast ekki með tærnar þar sem Uniconta er með hælana þegar kemur að virkni og hraða. Kerfið er skýjalausn þar sem öll gögn eru vistuð í ISO-vottuðu skýjaumhverfi en notandinn vinnur með gögnin í gegnum hugbúnað eða smáforrit á tölvu eða snjalltæki," upplýsir Ingvaldur um Uniconta sem er einstaklega notendavænt og getur sparað notendum hundruð vinnustunda á ári.

**Kerfi sem þú lagar að þínum þörfum**  
Uniconta inniheldur fjölmargar kerfiseiningar og uppfyllir þannig kröfur fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Í grunninn er Uniconta fjárhagsbókhaldskerfi en við það bætast viðskipta- og lánardrottnakerfi, eignakerfi, birgða-, framleiðslu- og vörustjórnunarkerfi, verkþókhalds- og tímaskráningarkerfi, innheimtukerfi og CRM. Grunnáskrift að kerfinu inniheldur fjárhags-, birgða-, lánardrottna- og viðskiptavinakerfi með sölureikningum og svo er kerfiseiningum bætt við eftir þörfum. Einfalt er svo að tengja önnur kerfi við Uniconta.

„Uniconta er frábær valkostur fyrir íslensk fyrirtæki, eykur skilvirkni í rekstri og bætir yfirsýn. Auðvelt er að flytja bókhaldsgögn úr eldri kerfum yfir í Uniconta sem gerir innleiðingu einfaldari og ódýrari en áður hefur þekkt. Kerfið hentar breiðum hópi viðskiptavina en á meðal fyrirtækja sem nota Uniconta sem heildarlausn í rekstri sínum eru fyrirtæki í smásölu og heiltsölu, framleiðslufyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki, fasteignafélög, félagasamtök, bókhaldsstofur og verktakafyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt. Þarfrir fyrirtækja eru afar ólíkar en Uniconta mætir þeim með skilvirkum hætti," segir Ingvaldur.

Uniconta byggir á nýjustu tækni frá Microsoft og forritaskilum (API). Því er einfalt að láta gögn flæða á milli Uniconta annars vegar og til dæmis launakerfa, vefverslana og bókunarkerfa hins vegar. „Uniconta sem skýjalausn skilar gögnum mun hraðar en bókhaldskerfi sem eru á gagnþjónum fyrirtækja. Gögnum er þjappað á snilldarlegan hátt þegar þau eru sótt eða send í skýið. Þá er mjög fljótlegt að setja upp gagnvirka tengingu t.d. í Excel sem keyrir á raungögnum úr Uniconta og í dag eru á annað hundruð lausnir sem bjóða upp á fullkomna samþáttun við Uniconta," upplýsir Ingvaldur.

## Fullkomið bókhaldskerfi frá 2.995 krónum á mánuði

Ingvaldur segir stóra ákvörðun fyrir fyrirtæki að skipta um bókhaldskerfi enda hefur það til þessa reynst mörgum flókið, seinlegt og kostnaðarsamt. „Það þarf þó engum að vaxa í augum að innleiða Uniconta. Það tekur frá einni klukkustund fyrir minni fyrirtæki þar sem ráðgjafar frá okkur eða samstarfsaðilum okkar vinna með fyrirtækinu. Þá er farið yfir alla ferla og kerfið lagað að ferlunum, sem er töluverður munur frá stærri bókhaldskerfum þar sem innleiðing getur tekið frá þremur mánuðum

upp í heilt ár, og kostnaður í samræmi við það." Uniconta er hugbúnaðarlausn í áskrift þar sem lægsta mánaðargjald er 2.995 krónur án virðisaukaskatts, en sú áskrift hentar einyrkjum og aðilum í einföldum rekstri. Fyrir stærri félög með um 100 notendur er áskriftargjaldið 7.995 á notanda en þá eru allar kerfiseiningar innifaldar.

„Bókhaldskerfi hafa aldrei verið ódýrari. Viðskiptavinir sem skipta yfir í Uniconta ná að jafnaði fram 50 prósentu sparnaði í rekstrarkostnaði bókhaldskerfis og að auki ná fyrirtækin fram gríðarlegri hagræðingu með breyttu verklagi og aukinni sjálfvirkni. Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna heldur viljum við líka hjálpa þeim að spara dýrmætun tíma starfsmanna. Hjá meðalstóru fyrirtæki fara hundruð klukkustunda í innslátt og meðhöndlun fylgiskjala í hverjum mánuði, en nú bjóðum við lausn sem les upplýsingar af fylgiskjölum á stafrænu formi og færir inn í rétta reiti í kerfinu. Það sparar innsláttarvillur og fækkar mistökum," segir Ingvaldur um Uniconta sem er í stöðugri þróun. Í dag styður kerfið alla gjaldmiðla og les sjálfkrafa gengi á mörkuðum og gengismunafærslur færast sjálfkrafa sem sparar mikla yfirlegu.

## Frábærar viðtökur á Íslandi

Uniconta kom á markað á Íslandi í byrjun árs 2017 og var strax tekið fagnandi enda viðskiptalausn á heimsmælikvarða sem styður nú þegar 30 tungumál og alla gjaldmiðla. Fjöldi notenda hér á landi er kominn vel á annað þúsund og íslensk fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum nota nú Uniconta til að halda utan um fjármál, rekstur, birgðir, framleiðslu og verk," upplýsir Ingvaldur. Uniconta er staðfært að íslenskum aðstæðum með tengingum við vefþjónustur RSK og banka, sendingu og

móttöku rafrænna reikninga auk EDI samskipta fyrir smásölu- og heiltsölulverslun.

Ingvaldur segir mörg íslensk fyrirtæki enn nota gömul eða úrelt bókhaldskerfi með tilheyrandi kostnaði og takmörkun á framleiðni. „Mörg bókhaldskerfanna voru smíðuð á síðustu öld þegar tækniúhverfið var allt annað og nettengingar hægar og dýrar. Þau kerfi byggja því á gamalli tækni sem verður víða að flöskuhálsi og notendur þurfa að vinna í gegnum fjarvinnsluviðmót sem var ásætlanlegt fyrir áratug en er ekki boðlegt í nútímaumhverfi," útskýrir Ingvaldur.

*„Á hinum enda markaðarins eru svo stór kerfi, eins og Dynamics AX, sem einnig eru komin til ára sinna. Þau kerfi eru dýr í innleiðingu og uppfærslur dýrar og flóknar. Uniconta er hins vegar skýjalausn sem uppfærast sjálfkrafa og því skynsamlegasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki sem þurfa aldrei frammar að ráðast í kostnaðarsamar uppfærslur."*

## Ljóslestur fylgiskjala

Með ljóslestri fylgiskjala (OCR) veður innsláttarvinna að mestu sjálfvirk. Taka má mynd af fylgiskjali eða áframsenda fylgiskjöl á t.d. .pdf- eða .jpg-formi inn í kerfið. Gervigreind sér svo um að lesa inn upplýsingar af fylgiskjalinu, stofna lánardrottna, færa inn reikningsnúmer, dagsetningar, fjárhæðir og greiðsluskilmála. Þannig hverfur handavinnan og hætta á innsláttarmistökum. Fylgiskjalið vistast í kerfinu og tengist öllum færslum og hægt er að kalla það fram með skjótum og öruggum hætti án þess að þurfa að blaða í gegnum bréfabindi.

**Uniconta Ísland er í Hlíðarsmára 2.  
uniconta@uniconta.is.  
Sjá nánar á uniconta.is**

## YFIRHEYRSLAN

Óttast mest  
Microsoft  
Office 365

Guðmundur Oddur Magnússon, betur þekktur sem Goddur, fæddist á Akureyri og hefur starfað við kennslu í grafískri hönnun í rúman aldarfjórðung. Hann skrifar nú sögu starfsgreinar sinnar og er titlaður rannsóknarprófessor Listaháskóla Íslands. Goddur er í yfirheyrslu helgarinnar.



Goddur

**Hvar líður þér best?**

Mér líður best á Austurlandi, sérstaklega á Seyðisfirði sem er einn besti staður sem ég hef kynnst sem orkuhleðslustöð. Hann er mjög ólíkur öllum stöðum úti á landi sérstaklega að því leyti að vera vinsamlegur útlendingum og fólki með sterkan persónuleika. Maður kemur hlaðinn orku þaðan á haustin og hún heldur manni gangandi í borginni í nokkra mánuði.

**Hvað óttastu mest?**

Microsoft Office 365 – valdbeitingu möppudýra og baunateljara af hvaða toga sem er – bókhald, skattheimtu, stjórnendafundi, Excel-skjöl og bara allt sem Microsoft Office 365 kemur nálægt.

**Hvert er þitt mesta afrek?**

Að verða edrú fyrir aldarfjórðungi.

**Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?**

Að vera hljóðfæraleikara í símfóníuhljómsveit sem gaf út sex 12 tommu vínyl-plötur í boxi og ferðaðist og spilaði í fjórum evrópskum borgum, Basel, München, Vínborg og Innsbrück.

**Hver væri titillinn á ævisögu þinni?**

Hégóminn var hans akkílesarhæll.

**Hvernig væri bjórin Goddur?**

Dökkur og laus við allt alkóhól, 0.00%.

**Besta ráð sem þú hefur fengið?**

Að tilfinningagreind sé betri en rökhugsun.

**Hvert er leiðinlegasta húsverkið?**

Mér finnast húsverk alls ekki leiðinleg, en að halda heimilisbókhald fer í taugarnar á mér.

**Besta bíómynd allra tíma?**

Zabriskie Point eftir Antonioni hafði dýpstu áhrifin.

**Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?**

Að vera raunverulega músíkalskur.

**Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?**

Að fara í listnám.

**Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?**

Ekki gera þetta!

**Hvað geturðu sjaldnast staðist eða ert góður í að réttlæta að veita þér?**


Sykur, rjómi og örlítið af berjum.

**Hvað er á döfinni hjá þér?**

Að plana sem minnst.

# Söngleikur Verzlunarskóla Íslands

Sýnt í Austurbæ - Miðasala á Tix.is



## Sýningar

20. feb. 2020 - fim.	20:00
01. mar. 2020 - sun.	16:00
05. mar. 2020 - fim.	20:00
15. mar. 2020 - sun.	16:00



## Svanasöngur Jóhanns ausinn lofi

Fyrsta kvikmynd Jóhanns Jóhannssonar heitins, *Last and First Men*, þar sem hann gegndi hlutverki leikstjóra og handritshöfundar auk tónskálds, var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín á dögnum og fékk hlýjar viðtökur. Jóhann var að leggja lokahönd á myndina þegar hann lést þann 9. febrúar árið 2018 en verkið er byggt á samnefndri vísindaskáldsögu eftir Olaf Stapledon og fjallar um mannkyn framtíðar. Vefmiðillinn IndieWire segir verkið vera einhverja frumlegustu vísindaskáldsögumynd síðari ára og hafa aðrir fjölmiðlar tekið í sama streng af fyrstu viðbrögðum að dæma.



## Aukið eftirlit á tjaldsvæðinu

Mikið ófremdarástand hefur ríkt á tjaldsvæðinu í Laugardal síðustu misseri, en þar býr hópur fólks sem hefur síðustu vetur neyðst til að búa í húsbílum og hjólhýsum vegna hás leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu. Óhreinindi, þjófnaður og skemmdarverk hafa verið viðloðandi svæðið samkvæmt heimildum vegna eftirlitsleysis, en nýverið tók gildi samningur um að Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur sæi um rekstur langtímsvæðisins í stað fyrirtækisins Farfuglar ses. DV náði tali af nokkrum íbúum svæðisins og fullyrða þeir að lífskjör þeirra hafa farið batnandi; girðing hefur afgirt svæði íbúa með harðara eftirliti og stendur til að stilla upp öryggismyndavélum ásamt því að lengja visttíma íbúa til að hægt sé að veita þeim heilsársstæði.



# Friðarmusterið falt fyrir 140 milljónir

Ástþór Magnússon hefur sett rúmlega 440 fermetra eign sína við Vogasel í Breiðholti á sölu og er ásett verð 142 milljónir króna. Það er Alþjóðastofnunin Friður 2000, sem Ástþór stofnaði sjálfur í lok seinustu aldar, sem er skráð eigandi hússins, sem skiptist í tvær íbúðir, önnur um 170 fermetrar en hin um 270 fermetrar. Tíu herbergi eru í húsinu sem var byggt árið 1978, á gullaldartímabili uppbyggingar í þessum hluta Reykjavíkur.

Ljóst er að húsið er með mikla sögu og hefur til að mynda hýst Reykjavík Peace Center og Lýðræðishreyfinguna. Í dag er rekið gistihús í eigninni í hjarta Breiðholts. Ástþór breiddi út hugmyndafræði Friðar

2000 í fyrsta forsetaframböðinu árið 1996 og í bókinni *Virkjum Bessastaði* sem dreift var á öll heimili. Ástþór bauð sig fjórum sinnum aftur fram til forseta; 2000, 2004, 2012 og 2016. Hélt hann þeirri hugsjón sinni ávallt á lofti að Ísland yrði heimsmiðstöð lýðræðisþróunar og friðarmála. Sá hann einnig fyrir sér að á Íslandi yrði stjórnstöð alþjóðlegrar friðargæslu.

Ástþór sjálfur hefur ekki búið í húsinu um nokkurt skeið. Hann er skráður til heimilis í Bretlandi og hefur látið lítið fyrir sér fara síðustu misseri.



Stillanlegt rúm, Ambassador\*  
Verð frá: **577.400.-**

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.



Skeifan 6 / 5687733 / epalis



Nordic Seamless\*  
Verð frá: **353.600.-**

### Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
  - 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
  - Skandinavísk hönnun.
  - Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.
  - Áratuga reynsla.
  - Gæði, ábyrgð og öryggi.
  - Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
  - Yfirdýnur í úrvali.
  - Stuttur afhendingartími,
  - ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum



Continental\*  
Verð frá: **420.600.-**

\* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.